

TILSKIPUN RÁÐSINS (92/49/EBE)

frá 18. júní 1992

um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar, og um breytingu á tilskipunum 73/239/EBE og 88/357/EBE (þriðja tilskipun um skaðatryggingar)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 57. gr. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Á grundvelli staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu er nauðsynlegt að koma hinum innri markaði á í frumtryggingum, öðrum en líftryggingum, til að auðvelda váttryggingafélögum með aðalskrifstofu í bandalaginu að váttryggja gegn áhættu innan bandalagsins.
- 2) Með annarri tilskipun ráðsins 88/357/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga um að greiða fyrir því að réttur til að stunda þjónustustarfsemi sé nýttur, og um breytingu á tilskipun

73/239/EBE ⁽⁴⁾ hefur þegar verið verulega stuðlað að því að koma hinum innri markaði á í frumtryggingum, öðrum en líftryggingum, með því að veita váttryggingatökum sem, vegna aðstöðu sinnar, umfangs eða eðlis þeirrar áhættu sem tryggt er gegn þarfnast ekki sérstakrar verndar í því aðildarríki þar sem áhættan er, fullt frelsi til að hagnýta sér sem stærstan váttryggingamarkað.

- 3) Tilskipun 88/357/EBE er því mikilvægt skref í átt að samruna innlendra markaða í einn, óskiptan markað sem rétt er að auka við með öðrum bandalagsgjörningum með það í huga að gera öllum váttryggingatökum kleift, óháð aðstöðu þeirra, umfangi eða eðli þeirrar áhættu sem váttryggja skal gegn, að leita til allra váttryggjenda með aðalskrifstofu í bandalaginu sem reka þar starfsemi samkvæmt staðfesturétti eða rétti til að veita þjónustu, jafnframt því sem þeim er tryggð við-eigandi vernd.
- 4) Þessi tilskipun er hluti af heildarlöggjöf bandalagsins sem þegar hefur öðlast gildi og hefur að geyma fyrstu tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um sam-

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB nr. C 244, 28. 9. 1990, bls. 28 og Stj. tíð. EB nr. C 93, 13. 4. 1992, bls. 1.

⁽²⁾ Stj. tíð. EB nr. C 67, 16. 3. 1992, bls. 98 og Stj. tíð. EB nr. C 150, 15. 6. 1992.

⁽³⁾ Stj. tíð. EB nr. C 102, 18. 4. 1991, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stj. tíð. EB nr. L 172, 4. 7. 1988, bls. 1. Síðast breytt með tilskipun 90/618/EBE (Stj. tíð. EB nr. L 330, 29. 11. 1990, bls. 44).

ræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga ⁽¹⁾ og tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga ⁽²⁾.

- 5) Aðferðin sem valin var felst í því að koma á nauðsynlegri grundvallarsamræmingu sem nægir til að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á leyfum og eftirlitakerfum sem gerir kleift að gefa út eitt leyfi sem gildir alls staðar í bandalaginu og beita meginreglunni um eftirlit heimaríkis.
- 6) Því þarf framvegis eitt opinbert leyfi sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem váttryggingafélagið hefur aðalskrifstofu til að hefja og reka váttryggingastarfsemi. Slíkt leyfi gerir félaginu kleift að reka starfsemi alls staðar í bandalaginu samkvæmt staðfesturétti eða rétti til að veita þjónustu. Aðildarríkið þar sem útibúið er eða þjónustan er veitt getur ekki lengur krafist þess að váttryggingafélög sem óska að reka þar váttryggingastarfsemi og sem hafa þegar fengið leyfi í heimaríkinu sæki um nýtt leyfi. Með hliðsjón af þessu er rétt að breyta tilskipunum 73/239/EBE og 88/357/EBE.
- 7) Lögbær yfirvöld í heimaríkinu munu framvegis bera ábyrgð á eftirliti með fjárhagslegum stöðugleika váttryggingafélaga, meðal annars gjaldþoli þeirra, fullnægjandi váttryggingaskuld og að þessi skuld sé tryggð með aljöfnun eigna.
- 8) Í tilteknum ákvæðum í þessari tilskipun eru settir lágmarksstaðlar. Heimaríki er heimilt að setja strangari reglur vegna váttryggingafélaga sem hafa fengið leyfi frá lögbærum yfirvöldum síns lands.
- 9) Lögbær yfirvöld í aðildarríkjum skulu hafa nauðsynlegar heimildir til að annast eftirlit til að tryggja að vá-

tryggingafélögin reki starfsemi sína samkvæmt settum reglum alls staðar í bandalaginu, hvort sem hún er rekin samkvæmt staðfesturétti eða rétti til að veita þjónustu. Einkum verða þau að geta gert viðeigandi verndarráðstafanir eða sett refsíákvæði sem miða að því að koma í veg fyrir að ákvæði varðandi váttryggingaeftirlit séu brotin eða að ekki sé farið eftir þeim.

- 10) Innri markaðurinn nær yfir svæði án innri landamæra með aðgangi að allri váttryggingastarfsemi annari en líftryggingastarfsemi innan bandalagsins og gerir þar af leiðandi öllum váttryggjendum með gilt leyfi kleift að váttryggja gegn hvaða áhættu sem um getur í viðauka við tilskipun 73/239/EBE. Með hliðsjón af þessu er nauðsynlegt að afnema einkaréttarstöðu ákveðinna stofnana í tilteknum aðildarríkjum að því er varðar váttryggingu gegn ákveðinni áhættu.
- 11) Rétt er að laga ákvæðin um yfirfærslu á váttryggingarstofni að fyrirkomulaginu sem gerir ráð fyrir einu leyfi og komið er á með þessari tilskipun.
- 12) Með tilskipun 91/674/EBE hefur þegar verið komið á nauðsynlegri samræmingu á reglum aðildarríkjanna um sjóð vegna váttryggingaskuldar sem váttryggjendum er skylt að mynda til að ábyrgjast skuldbindingar sínar og gerir þessi samræming kleift að viðurkenna váttryggingaskuldir á gagnkvæman hátt.
- 13) Samræma ber gildandi reglur um dreifingu, staðsetningu og aljöfnun eigna til að mæta váttryggingaskuld til að auðvelda gagnkvæma viðurkenningu á reglum aðildarríkjanna. Þessi samræming verður að taka mið af afnámi hafta á fjármagnsflutningum sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 88/361/EBE frá 24. júní 1988 um framkvæmd 67. greinar sáttmálans ⁽³⁾ og þeim framförum sem hafa orðið innan bandalagsins í átt að efnahags- og peningalegri einingu.
- 14) Þó geta aðildarríkin ekki krafist þess að váttryggingafélög fjárfesti eignir sem settar eru til að mæta váttryggingaskuld þeirra í tilteknum eignaflokkum þar sem slíkar kröfur væru ósamrýmanlegar afnámi hafta á fjármagnsflutningum sem kveðið er á um í tilskipun 88/361/EBE.
- 15) Þar til tilskipun um fjárfestingarþjónustu verður samþykkt, þar sem hugtakið um skipulegan markað er meðal annars samræmt, er nauðsynlegt að skilgreina hugtak-

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 3. Síðast breytt með tilskipun 88/357/EBE (Stjtið. EB nr. L 172, 4. 7. 1988, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 374, 31. 12. 1991, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 178, 8. 7. 1988, bls. 5.

- ið til bráðabirgða í þessari tilskipun með fyrirvara um slíka samræmingu síðar. Í stað þessarar skilgreiningar kemur síðan samræmd bandalagskilgreining sem veitir heimaríkinu, þar sem markaðurinn er, ábyrgð í málum sem þessi tilskipun veitir heimaríki váttryggingafélagsins til bráðabirgða.
- 16) Bæta verður við skrána yfir þá liði sem heimilt er að standi að baki gjaldþoli því sem krafist er í tilskipun 73/239/EBE svo tekið sé mið af nýjum fjármálaskjölum og fyrirgreiðslum sem aðrar fjármálastofnanir geta reiknað sem eigið fé.
- 17) Innan ramma eins, óskipts váttryggingamarkaðar ber að veita váttryggingatökum, sem vegna stöðu sinnar, umfangs starfseminnar eða eðlis þeirrar áhættu sem váttryggja skal gegn þarfnast ekki sérstakrar verndar í því ríki þar sem áhættan er, fullt frelsi til að velja sér þau lög sem gilda skulu um váttryggingasamninga þeirra.
- 18) Samræming á lögum um váttryggingasamninga er ekki nauðsynleg forsenda fyrir því að koma á innri markaði fyrir tryggingar. Sá möguleiki sem aðildarríkin hafa til að beita lögum sínum gagnvart váttryggingasamningum sem taka til áhættu innan yfirráðasvæða þeirra veitir váttryggingatökum sem krefjast sérstakrar verndar nægilega vernd.
- 19) Innan ramma hins innri markaðar er það í hag váttryggingataka að hann hafi aðgang að sem mestu úrvali váttrygginga innan bandalagsins þannig að hann geti valið þá tryggingu sem honum hentar best. Aðildarríkið þar sem áhættan er skal tryggja að ekkert komi í veg fyrir að allar váttryggingar sem eru í boði innan bandalagsins séu markaðssettar innan yfirráðasvæðis þess, enda brjóti þær ekki í bága við lagaákvæði sem sett eru í þágu almennra hagsmuna og svo fremi þeirra sé ekki gætt með réttarákvæðum heimaríkisins, að því tilskildu að slíkum ákvæðum sé beitt án mismununar gagnvart öllum félögum sem starfrækt eru í aðildarríkinu og séu þau raunverulega nauðsynleg og í samræmi við sett markmið.
- 20) Aðildarríkin verða að geta tryggt að váttryggingar og samningsskjöl sem eru notuð, samkvæmt staðfesturétti eða rétti til að veita þjónustu, til að tryggja gegn áhættu sem er innan yfirráðasvæða þeirra séu í samræmi við gildandi sérákvæði í lögum sem sett eru í þágu almennra hagsmuna. Eftirlitskerfin sem verða notuð skulu fullnægja kröfum hins innri markaðar, en notkun þeirra er ekki forsenda fyrir rekstri váttryggingastarfsemi. Með þetta í huga virðist ekki réttlæt看legt að koma á kerfum svo unnt sé að samþykkja váttryggingaskilmála fyrirfram. Því er nauðsynlegt að kveða á um annars konar kerfi sem henta betur kröfum hins innri markaðar og gera hverju aðildarríki kleift að tryggja váttryggingatökum fullnægjandi vernd.
- 21) Ef váttryggingataka er einstaklingur skal váttryggingafélagið upplýsa hann um þau lög sem gilda um samninginn og um meðferð á kvörtunum váttryggingataka í tengslum við samninga.
- 22) Í nokkrum aðildarríkjum koma einka- eða frjálsar váttryggingar að einhverju eða öllu leyti í stað sjúkratrygginga sem almannatryggingakerfin bjóða.
- 23) Eðli sjúkratryggingasamninga og félagslegar afleiðingar þeirra réttlæta það að lögbær yfirvöld í aðildarríkinu þar sem áhættan er geta krafist að þeim sé tilkynnt reglulega um almenna og sérstaka váttryggingaskilmála til þess sannreyna að slíkir samningar komi að einhverju eða öllu leyti í stað sjúkratrygginga sem almannatryggingakerfið gerir ráð fyrir. Sú sannprófun á ekki að vera forsenda fyrir markaðssetningu á váttryggingum. Það sérstaka eðli sjúkratrygginga að koma að einhverju eða að öllu leyti í stað sjúkratryggingar sem gert er ráð fyrir í almannatryggingakerfinu greinir þær frá öðrum greinum skaðatrygginga og líftrygginga svo sem nauðsynlegt er til tryggja að váttryggingatakar hafi raunverulegan aðgang að einkasjúkratryggingu eða frjálsri sjúkratryggingu án tillits til aldurs eða heilbrigðisástands þeirra.
- 24) Í þessu skyni hafa nokkur aðildarríki samþykkt sérstök lagaákvæði. Í þágu almennra hagsmuna er unnt að samþykkja eða halda slíkum lagaákvæðum svo fremi þau skerði ekki að ástæðulausu staðfesturétt eða rétt til að veita þjónustu og að því tilskildu að þeim sé beitt á sama hátt óháð því hvert heimaríki félagsins er. Eðli þessara

- lagaákvæða getur verið mismunandi allt eftir aðstæðum í hverju aðildarríki. Þau kunna að kveða á um opinn aðgang, einsleita verðlagningu fyrir hverja tegund váttryggingar og ævilanga tryggingu. Einnig er unnt að ná þessu markmiði með því að krefjast þess að félög sem bjóða einkasjúkratryggingu eða frjálsa sjúkratryggingu bjóði staðlaðar váttryggingar sem samsvara þeirri tryggingu sem lögbundið almannatryggingakerfi býður og sem iðgjald fyrir er jafnt eða lægra en fast hámarksgjald og að þau taki þátt í áætlun um bætur vegna taps. Einnig er unnt að krefjast að tæknilegur grundvöllur fyrir einkasjúkratryggingu eða frjálsa sjúkratryggingu sé hliðstæður tæknilegum grundvelli fyrir líftryggingar.
- 25) Vegna samræmingarinnar sem komið var á með tilskipun 73/239/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, er ekki unnt að réttlæta þann möguleika sem sambandslýðveldið Þýskaland hafði samkvæmt c-lið 2. mgr. 7. gr. í þeirri tilskipun til að banna samhliða rekstur sjúkratrygginga og annarra váttryggingargreina og því verður að afnema þennan möguleika.
- 26) Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að öll váttryggingafélög sem á eigin ábyrgð bjóða lögbundnar atvinnuslysatryggingar á yfirráðasvæðum sínum hlíti sérákvæðum í landslögum um slíkar tryggingar. Þó gilda þessar kröfur ekki um ákvæði er varða fjárhagslegt eftirlit sem er eingöngu á ábyrgð heimaríkisins.
- 27) Nýting staðfesturéttar krefst þess að félagið sé með fast aðsetur í aðildarríkinu þar sem útibúið er. Svo taka megi mið af sérstökum hagsmunum hinna tryggðu og tjónþola, þegar um er að ræða ábyrgðartryggingu ökutækja, er nauðsynlegt að viðeigandi aðstaða sé í aðildarríkinu þar sem útibúið er vegna öflunar á öllum nauðsynlegum upplýsingum um bótakröfur í tengslum við tjónið, með fullnægjandi umboð til að koma fram fyrir hönd félagsins gagnvart þeim tjónþolum er krafist gætu bóta, þar á meðal til að greiða bætur, og til að vera í fyrirsvari eða fela öðrum, eftir því sem þörf krefur, að svara fyrir það á vettvangi dómstóla og yfirvalda í því aðildarríki í sambandi við slíkar bótakröfur.
- 28) Innan ramma innri markaðarins er aðildarríki óheimilt að halda áfram að leggja bann við því að váttryggingastarfsemi innan yfirráðasvæðis síns sé stunduð samhliða í krafti staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu. Því ber að nema úr gildi það val sem aðildarríkjunum var veitt í þessu samhengi samkvæmt tilskipun 88/357/EBE.
- 29) Kveða ber á um viðurlög sem beitt yrði ef váttryggingafélag hlítir ekki þeim ákvæðum sem sett eru í þágu almennra hagsmuna í aðildarríkinu þar sem áhættan er.
- 30) Sum aðildarríki leggja enga óbeina skatta á váttryggingaviðskipti, en flest þeirra leggja á sérstaka skatta og önnur gjöld þar með talin aukaframlög til bótasjóða. Skattar þessir og framlög eru verulega mismunandi bæði að samsetningu og hlutfalli í þeim aðildarríkjunum þar sem þau eru lögð á. Æskilegt er að koma í veg fyrir að þessi munur leiði til röskunar á samkeppni í váttryggingastarfsemi milli aðildarríkjanna. Þar til frekari samhæfing hefur farið fram skal nota skattareglur og önnur ákvæði varðandi framlög þess aðildarríkis þar sem áhættan er. Það kemur í hlut aðildarríkjanna að kveða á um hvernig tryggja skuli innheimtu á slíkum sköttum og framlögum.
- 31) Öðru hvoru kann að vera nauðsynlegt að gera tæknilegar breytingar á einstökum reglum sem eru settar í þessari tilskipun til að taka mið af frekari þróun váttryggingastarfsemi í framtíðinni. Framkvæmdastjórnin skal gera slíkar breytingar ef þörf krefur, að höfðu samráði við váttrygginganefndina sem skipuð er samkvæmt tilskipun 91/675/EBE ⁽¹⁾, innan ramma þess framkvæmdavalds sem hún hefur samkvæmt sáttmálanum.
- 32) Nauðsynlegt er að samþykkja sérákvæði sem ætluð eru til að tryggja snurðulaus skipti frá gildandi lagafyrirkomulagi þegar þessi tilskipun öðlast gildi yfir í það fyrirkomulag sem komið er á með henni, og þess gætt að vinnuálag lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum aukist ekki við það.
- 33) Samkvæmt 8. gr. c í sáttmálanum ber að taka mið af því að ráðstafanir þær sem gera þarf innan mismunandi efnahagskerfa eru misumfangsmiklar eftir því hve langt efnahagsþróunin hefur náð. Því er æskilegt að veita ákveðnum aðildarríkjum kost á bráðabirgðafyrirkomulagi á meðan ákvæðum þessarar tilskipunar er smám saman komið á.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 374, 31. 12. 1991, bls. 32.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. BÁLKUR

SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ

1. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „vátryggingafélag“: fyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi stjórnvalda í samræmi við 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE;
- b) „útibú“: umboð eða útibú vátryggingafélags í skilningi 3. gr. tilskipunar 88/357/EBE;
- c) „heimaríki“: aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa vátryggingafélagsins sem tryggir gegn áhættu er;
- d) „aðildarríki útibúsins“: aðildarríkið þar sem útibúið sem tryggir gegn áhættu er;
- e) „aðildarríki þar sem þjónusta er veitt“: aðildarríkið þar sem áhættan er, samkvæmt skilgreiningu d-liðar 2. gr. tilskipunar 88/357/EBE, ef vátryggingafélag eða útibú sem er í öðru aðildarríki tryggir gegn henni;
- f) „yfirráð“: sambandið milli móðurfélags og dótturfélags, samkvæmt skilgreiningu 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE ⁽¹⁾, eða sams konar samband milli einstaklinga eða lögpersóna og félags;
- g) „virkur eignarhlutur“: bein eða óbein eignarhlutdeild í félagi, sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti, eða annað sem gerir það kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun félagsins þar sem eignarhlutinn er.
Vegna þessarar skilgreiningar, í tengslum við 8. og 15. gr. og annars konar eignarhlutdeild sem um getur í 15. gr., ber að taka tillit til atkvæðisréttar sem um getur í 7. gr. tilskipunar 88/627/EBE ⁽²⁾;
- h) „móðurfélag“: móðurfélag samkvæmt skilgreiningu í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE;
- i) „dótturfélag“: dótturfélag samkvæmt skilgreiningu í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE; einnig ber að líta á sérhvert dótturfélag dótturfélags sem dótturfélag þess móðurfélags sem er höfuð þessara félaga;

⁽¹⁾ Stj.ÉB nr. L 193, 18. 7. 1983, bls. 1.

⁽²⁾ Stj.ÉB nr. L 348, 17. 12. 1988, bls. 62.

- j) „skipulegur markaður“: fjármálamarkaður sem heimaríki vátryggingafélagsins lítur á sem skipulegan markað, þar til hugtakið verður skilgreint í tilskipun um fjárfestingarþjónustu, sem einkennist af því:

— að hann starfar reglubundið, og

— að í reglugerðum sem gefnar eru út eða samþykktar af lögbærum yfirvöldum er kveðið á um skilyrði fyrir starfsemi markaðarins og aðgangi að markaðinum og, ef tilskipun ráðsins 79/279/EBE frá 5. mars 1979 til samræmingar á skilmálum fyrir opinberri skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi ⁽³⁾ er beitt, skilyrði fyrir skráningu verðbréfa sem sett eru í þeirri tilskipun og, ef þeirri tilskipun er ekki beitt, skilyrði sem fjármálaskjöl verða að uppfylla til þess að unnt sé að versla með þau á markaðinum.

Að því er þessa tilskipun varðar getur skipulegur markaður verið í aðildarríki eða í þriðja landi. Í síðara tilvikinu verður markaðurinn að vera viðurkenndur af heimaríkinu og uppfylla sambærileg skilyrði og þar eru sett. Öll fjármálaskjöl sem verslað er með á þessum markaði skulu vera sambærileg að gæðum við þau skjöl sem verslað er með á skipulegum markaði eða mörkuðum aðildarríkisins sem um ræðir;

- k) „lögbær yfirvöld“: innlend yfirvöld sem heimilt er að lögum eða samkvæmt reglugerð að hafa eftirlit með vátryggingafélögum.

2. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um allar greinar vátrygginga og félaga sem um getur í 1. gr. tilskipunar 73/239/EBE.

2. Þessi tilskipun gildir hvorki um þær greinar vátrygginga, eða starfsemi né þau félög eða stofnanir sem tilskipun 73/239/EBE gildir ekki um og ekki heldur um stofnanir sem um getur í 4. gr. þeirrar tilskipunar.

3. gr.

Þrátt fyrir 2. mgr. 2. gr. skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að einkaréttarstaða, að því er varðar leyfi til að hefja starfsemi tiltekinna vátryggingargreina, sem veitt er stofnunum með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra og um getur í 4. gr. tilskipunar 73/239/EBE verði afnumin eigi síðar en 1. júlí 1994.

⁽³⁾ Stj.ÉB nr. L 66, 13. 3. 1979, bls. 21. Síðast breytt með tilskipun 82/148/EBE (Stj.ÉB nr. L 62, 5. 3. 1982, bls. 22).

II. BÁLKUR

LEYFI TIL AÐ HEFJA VÁTRYGGINGA-
STARFSEMI

4. gr.

Í stað 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE komi eftirfarandi:

„6. gr.

Starfsleyfi yfirvalda þarf til að hefja vátryggingastarfsemi á sviði frumtrygginga.

Sótt skal um slíkt leyfi til lögbærra yfirvalda í heimarík-
inu og á það við um:

- a) félag sem setur á stofn aðalskrifstofu í ríkinu;
- b) félag sem fengið hefur leyfi samkvæmt fyrstu undirgrein og færir út starfsemi sína til vátryggingargreinar í heild eða til annarra greina.“

5. gr.

Í stað 7. gr. tilskipunar 73/239/EBE komi eftirfarandi:

„7. gr

1. Leyfið gildir alls staðar í bandalaginu. Það veitir félagi heimild til að reka starfsemi sína þar samkvæmt staðfesturétti eða rétti til að veita þjónustu.

2. Leyfið er veitt fyrir tiltekna vátryggingargrein. Það nær til vátryggingargreinar í heild nema umsækjandi óski eftir að tryggja aðeins hluta þeirrar áhættu sem greinin tekur til, sbr. A-lið viðaukans.

Þó getur:

- a) aðildarríki veitt leyfi fyrir þá hópa vátryggingargreina sem taldir eru upp í B-lið viðauka, enda verði leyfið bundið við þau heiti sem þar eru tilgreind;
- b) leyfið sem veitt er fyrir eina grein eða hóp vátryggingargreina gildir einnig fyrir hliðargreinar innan annarrar vátryggingargreinar enda séu skilyrði C-liðar í viðaukanum uppfyllt.“

6. gr.

Í stað 8. gr. tilskipunar 73/239/EBE komi eftirfarandi:

„8. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að vátryggingafélag sem sækir um leyfi:

a) taki upp eitt af eftirfarandi félagsformum:

- fyrir Konungsríkið Belgíu: „société anonyme/naamloze vennootschap“, „société en commandite par actions/commanditaire vennootschap op aandelen“, „association d'assurance mutuelle/onderlinge verzekeringsvereniging“, „société coopérative/coöperatieve vennootschap“;
- fyrir Konungsríkið Danmörku: „aktieselskaber“, „gensidige selskaber“;
- fyrir Sambandslýðveldið Þýskaland: „Aktiengesellschaft“, „Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit“, „öffentlich-rechtliches Wettbewerbsversicherungsunternehmen“;
- fyrir Lýðveldið Frakkland: „société anonyme“, „société d'assurance mutuelle“, „institution de prévoyance régie par le code de la sécurité sociale“, „institution de prévoyance régie par le code rural“ og „mutuelles régies par le code de la mutualité“;
- fyrir Lýðveldið Írland: „incorporated companies limited by shares or by guarantee or unlimited“;
- fyrir Lýðveldið Ítalíu: „società per azioni“, „società cooperativa“, „mutua di assicurazione“;
- fyrir Stórhertogadæmið Lúxemborg: „société anonyme“, „société en commandite par actions“, „association d'assurances mutuelles“, „société coopérative“;
- fyrir Konungsríkið Holland: „naamloze vennootschap“, „onderlinge waarborgmaatschappij“;
- fyrir breska konungsríkið: „incorporated companies limited by shares or by guarantee or unlimited“, „societies registered under the Industrial and Provident Societies Acts“, „societies registered under the Friendly Societies Acts“, „Lloyd's-vátryggjendur“;
- fyrir Lýðveldið Grikkland: „ανώνυμη εταιρία“, „αλληλεσφαλιστικός συνεταιρισμός“;
- fyrir Konungsríkið Spán: „sociedad anónima“, „sociedad mutua“, „sociedad cooperativa“;
- fyrir Lýðveldið Portúgal: „sociedade anónima“, „mútua de seguros“.

Vátryggingafélagi er einnig heimilt að taka upp félagsform evrópsks félags þegar því hefur verið komið á.

Enn fremur er aðildarríkjum heimilt, þegar við á, að stofna félög í með sérlögum, enda hafi þessi félög að markmiði að starfa á jafnréttisgrundvelli

við félög sem starfa samkvæmt einkamálarétti;

- b) takmarki atvinnurekstur sinn við váttryggingastarfsemi og starfsemi sem er í beinum tengslum við hana og stundi engan annan atvinnurekstur;
- c) leggi fram rekstraráætlun í samræmi við ákvæði 9. gr.;
- d) hafi yfir að ráða lágmarksábyrgðarsjóði samkvæmt 2. mgr. 17. gr.;
- e) sé rekið á hagkvæman hátt af einstaklingum með óflekkað mannorð, viðeigandi starfsmenntun og hæfi eða starfsreynslu.

2. Félag sem sækir um leyfi til að færa starfsemi sína út til annarra greina, eða um útvíkkun á leyfi sem tekur eingöngu til hluta af áhættum sem flokkaðar eru undir eina grein skal leggja fram rekstraráætlun samkvæmt ákvæðum 9. gr.

Enn fremur ber því að sýna fram á að það hafi gjaldþol samkvæmt 16. gr. og einnig að uppfylltar séu kröfur 2. mgr. 17. gr. ef meiri kröfur eru gerðar um lágmarksábyrgðarsjóð fyrir þær váttryggingargreinar sem fyrirhugað er að taka upp.

3. Ákvæði þessarar tilskipunar koma ekki í veg fyrir að aðildarríki geti haldið gildandi lögum eða sett lög og stjórnsýslufyrirmæli þar sem krafist er samþykkis á stofnsamningi og -samþykktum og að tilkynnt sé um önnur nauðsynleg skjöl svo unnt sé að framfylgja eðlilegu eftirliti.

Aðildarríkjunum er óheimilt að setja reglur þar sem krafist er fyrirfram samþykkis við almennum og sérstökum váttryggingaskilmálum, iðgjaldatöxtum eða eyðublöðum og öðrum prentuðum skjölum sem váttryggingafélagið hefur í hyggju að nota í skiptum sínum við váttryggingataka, né að um slíkt sé tilkynnt kerfisbundið.

Aðildarríkjunum er óheimilt að viðhalda eða koma því á að fyrirhuguð iðgjaldahækkun sé háð tilkynningu eða samþykki nema það sé liður í almennu verðlagseftirliti.

Ákvæði þessarar tilskipunar koma ekki í veg fyrir að aðildarríki láti félög, sem sækja um eða hafa fengið leyfi fyrir 18. grein í A-lið í viðaukanum, sæta eftirliti að því er varðar starfslíð og búnað sem félagið hefur yfir að ráða beint eða óbeint, ásamt hæfi lækna og hjúkrunarliða er starfa á vegum þeirra og gæðum búnaðar sem félögin hafa yfir að ráða, til þess að standa við þær skuldbindingar sem til eru komnar vegna þessarar váttryggingargreinar.

4. Í framangreindum ákvæðum er ekki gerð krafa um að fjallað sé um umsókn leyfis í ljósi þess hvort þörf sé fyrir starfsemin á markaðinum eða ekki.“

7. gr.

Í stað 9. gr. tilskipunar 73/239/EBE komi eftirfarandi:

„9. gr.

Í rekstraráætlun þeirri sem um getur í c-lið 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi fram:

- a) eðli þeirrar áhættu sem starfsemin á að ná til;
- b) meginreglur um endurtryggingar;
- c) samsetning lágmarksábyrgðarsjóðs;
- d) áætlaður kostnaður við að koma starfseminni á fót og tryggja áframhaldandi starfsemi; fyrirhugaðar fjármögnunarleiðir til að mæta þessum kostnaði og ef áhættan sem tryggt er gegn er flokkuð í 18. grein í A-lið í viðaukanum þær tekjur sem félagið hefur yfir að ráða til að veita þá aðstoð sem heitið er;

og þar að auki, fyrir þrjú fyrstu reikningsárin:

- e) áætlaður stjórnunarkostnaður, annar en stofnkostnaður, og sérstaklega almennur kostnaður vegna daglegs reksturs og umboðslauna;
- f) áætlaðar iðgjaldatekjur eða framlög og áætlaður tjónakostnaður;
- g) áætlaður efnahagsreikningur;
- h) mat á því fjármagni sem þarf til að standa við váttryggingaskuldbindingar og gjaldþolskröfur.“

8. gr.

Lögbær yfirvöld heimaríkis skulu ekki veita félagi leyfi til að hefja váttryggingastarfsemi fyrir en þau hafa fengið upplýsingar um hverjir séu hluthafar eða aðilar beint eða óbeint, hvort þeir séu einstaklingar eða lögpersónur, hverjir hafi yfir að ráða virkri eignarhlutdeild, svo og hve stóran hlut þeir eiga.

Lögbær yfirvöld skulu synja um leyfi ef þau telja áður-nefnda hluthafa eða aðila ekki hæfa, að teknu tilliti til nauðsynjar þess að tryggja trausta og hagkvæma stjórnun váttryggingafélags.

III. BÁLKUR

SAMRÆMING Á SKILYRÐUM FYRIR REKSTRI
VÁTRYGGINGASTARFSEMI

9. gr.

Í stað 13. gr. tilskipunar 73/239/EBE komi eftirfarandi:

„13. gr.

1. Fjármálaeftirlit með vátryggingafélagi, þar með talið eftirlit með starfsemi sem það annast fyrir milligöngu útibús eða samkvæmt rétti til að veita þjónustu, skal alfarið vera á ábyrgð heimaríkisins.

2. Þetta fjármálaeftirlit skal taka til allrar starfsemi vátryggingafélagsins, gjaldpols þess, vátryggingaskuldar og eigna sem valdar eru til að mæta henni í samræmi við settar reglur eða gildandi starfshætti í heimaríkinu samkvæmt ákvæðum bandalagsins.

Ef viðkomandi félag hefur leyfi til að tryggja gegn áhættu sem flokkuð er í 18. grein í A-lið í viðaukanum skal eftirlitið útvíkkað til eftirlits með tæknibúnaði sem félagið hefur yfir að ráða til þess að til að veita þá aðstoð sem heitið er, ef lög heimaríkisins kveða á um eftirlit með slíkum tæknibúnaði.

3. Lögbær yfirvöld í heimaríkinu skulu krefjast þess að sérhvert vátryggingafélag hafi traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag og fullnægjandi innra eftirlitskerfi.“

10. gr.

Í stað 14. gr. tilskipunar 73/239/EBE komi eftirfarandi:

„14. gr.

Ef vátryggingafélag sem hefur fengið leyfi í aðildarríki rekur starfsemi sína fyrir milligöngu útibús í öðru aðildarríki skal aðildarríki útibúsins kveða á um að lögbær yfirvöld í heimaríkinu geti, eftir að hafa tilkynnt það lögbærum yfirvöldum í aðildarríki útibúsins, sjálf eða fyrir milligöngu einstaklinga sem þau tilnefna í því skyni, sannprófað á vettvangi þær upplýsingar sem eru

nauðsynlegar til að tryggja fjárhagseftirlit með félaginu. Yfirvöld í aðildarríki útibúsins geta tekið þátt í þessari sannprófun“.

11. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 73/239/EBE komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríki skulu gera kröfu um að vátryggingafélag, sem hefur aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þeirra, sendi reglulega skýrslur ásamt tölfræðilegum upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með starfseminni. Lögbær yfirvöld skulu senda hvert öðru þau gögn og upplýsingar sem koma að gagni við eftirlit.

3. Hvert aðildarríki skal gera allt það sem nauðsynlegt er til þess að veita lögbærum yfirvöldum sem falið er að hafa eftirlit með vátryggingafélögum þær heimildir og aðstöðu sem þörf er á vegna eftirlits með vátryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess, þar á meðal með starfsemi þeirra utan svæðisins í samræmi við tilskipanir ráðsins um þessa starfsemi, og til að sjá um að þær verði framkvæmdar.

Með heimildum þessum og aðstöðu skal lögbærum yfirvöldum einkum gert kleift að:

a) grennslast nákvæmlega fyrir um stöðu félagsins og alla starfsemi þess, meðal annars með því að:

— safna upplýsingum eða krefjast afhendingar á skjölum um vátryggingastarfsemi,

— gera vettvangsskoðun hjá félagi,

b) gera gagnvart félagi, stjórnendum þess eða forstöðumönnum allar viðeigandi ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að farið sé að þeim lögum og stjórnslufyrirmælum sem félaginu ber að hlíta í starfsemi sinni í hverju aðildarríki, einkum varðandi rekstraráætlun að því marki sem hún er ófrávíkjanleg og til að koma í veg fyrir eða ráða bót á vanrækslu sem skaðað getur hagsmuni vátryggingataka,

c) sjá til þess að gerðar séu þær ráðstafanir sem eftirlitsyfirvöld krefjast með fullnustuáðgerðum ef þörf krefur og fyrir atbeina dómstóla þar sem við á.

Aðildarríki geta einnig veitt lögbærum yfirvöldum heimildir til að afla allra upplýsinga um vátryggingasamninga sem milliliðir hafa séð um.“

12. gr.

1. Ákvæði 2. til 7. mgr. 11. gr. í tilskipun 88/357/EBE eru hér með felld úr gildi.

2. Með þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum skal hvert aðildarríki veita váttryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þess leyfi til að yfirfæra váttryggingarstofn sinn hvort heldur um er að ræða samninga samkvæmt staðfesturétti eða rétti til að veita þjónustu að einhverju eða öllu leyti til viðtökuskrifstofu með staðfestu innan bandalagsins, enda staðfesti lögbær yfirvöld þess ríkis þar sem viðtökuskrifstofan er að gjaldþol viðtakandans sé fullnægjandi er tekið hefur verið tillit til yfirfærslunnar.

3. Ef útibú hyggst yfirfæra váttryggingarstofn sinn að einhverju eða öllu leyti, sem samningar hafa verið gerðir um samkvæmt staðfesturétti eða rétti til að veita þjónustu, skal hafa samráð við aðildarríki útibúsins.

4. Í þeim tilvikum sem um getur í 2. og 3. mgr. skulu lögbær yfirvöld í aðildarríkinu þar sem félagið sem yfirfærir váttryggingarstofn er heimila yfirfærsluna að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis þar sem áhættan er.

5. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum sem samráð er haft við skulu tilkynna yfirvöldum í heimaríki váttryggingafélagsins sem yfirfærir váttryggingarstofn sinn um álit sitt eða samþykki innan þriggja mánaða frá því þeim barst beiðnin. Ef yfirvöldin sem samráð er haft við hafa ekki svarað innan þess frests telst það jafngilda jákvæðu svari eða þegjandi samþykki.

6. Yfirfærsla sem heimiluð er samkvæmt grein þessari, skal kunngerð í aðildarríkinu þar sem áhættan er á þann hátt sem mælt er fyrir í lögum þess. Hún öðlast sjálfkrafa gildi gagnvart váttryggingatökum, hinum váttryggðu og öllum þeim öðrum sem eiga rétt eða bera skyldu vegna þeirra váttryggingasamninga sem yfirfærðir hafa verið.

Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að gefa váttryggingatökum kost á að segja upp váttryggingasamningi innan ákveðins frests frá því er yfirfærsla fer fram.

13. gr.

1. Í stað 20. gr. tilskipunar 73/239/EBE komi eftirfarandi:

„20. gr.

1. Fari félag ekki að ákvæðum 15. gr. getur lögbært yfirvald í heimaríki þess bannað frjálsa ráðstöfun fé-

lagsins á eignum sínum eftir að hafa áður tilkynnt lögbærum yfirvöldum þar sem áhættan er um fyrirætlun sína.

2. Í því skyni að rétta við fjárhagsstöðu félags, þegar gjaldþol þess nær ekki lágmarksgjaldþoli samkvæmt 3. mgr. 16. gr., skal lögbært yfirvald í heimaríkinu gera kröfu um að félagið leggi fram til samþykkis áætlun um að rétta við fjárhagsstöðu sína og koma henni á traustan grundvöll.

Í undantekningartilvikum getur lögbært yfirvald, telji það að fjárhagsstaða félagsins eigi eftir að versna enn frekar, takmarkað eða bannað frjálsa ráðstöfun félagsins á eignum sínum. Það skal tilkynna yfirvöldum annarra aðildarríkja þar sem félagið rekur starfsemi sína um allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið og skulu þau að beiðni þess fyrrnefnda gera sömu ráðstafanir.

3. Reynist gjaldþol félagsins lægra en sem nemur ábyrgðarsjóði, eins og hann er skilgreindur í 17. gr., skal lögbært yfirvald heimaríkisins gera kröfu um að félagið leggi fram skammtímafjárhagsáætlun til staðfestingar hjá eftirlitinu.

Það getur einnig takmarkað eða bannað frjálsa ráðstöfun félagsins yfir eignum sínum. Það skal tilkynna yfirvöldum annarra aðildarríkja þar sem félagið rekur starfsemi sína um það og skulu þau að beiðni þess fyrrnefnda gera sömu ráðstafanir.

4. Lögbær yfirvöld geta enn fremur gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að gæta hagsmuna váttryggðra í þeim tilvikum sem fjallað er um í 1., 2. og 3. mgr.

5. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir svo það geti, í samræmi við innlend lög, bannað frjálsa ráðstöfun eigna sem eru á yfirráðasvæði þess að beiðni heimaríkis félagsins, í þeim tilvikum sem um getur í 1. 2. og 3. mgr., sem skal tilgreina um hvaða eignir þessar ráðstafanir gilda.“

14. gr.

Í stað 22. gr. tilskipunar 73/239/EBE komi eftirfarandi:

„22. gr.

1. Lögbært yfirvald heimaríkis sem veitt hefur váttryggingafélagi leyfi getur afturkallað það ef félagið:

- a) nýtir ekki leyfið innan tólf mánaða, afsalar sér því afdráttarlaust eða hættir rekstri starfseminnar í meira en sex mánuði, nema viðkomandi aðildarríki hafi kveðið á um að leyfið renni út í slíkum tilvikum;
- b) uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfi;
- c) hefur ekki getað hrint í framkvæmd innan tilskilins frests þeirri áætlun um enduruppbyggingu eða fjárhagsáætlun sem um getur í 20. gr.;
- d) vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum.

Sé leyfi félags afturkallað eða ef það rennur út tilkynnir lögbært yfirvald í heimaríkinu það til lögbærra yfirvalda í öðrum aðildarríkjum sem skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að félagið hefji á ný starfsemi á yfirráðasvæði þeirra samkvæmt staðfesturétti eða rétti til að veita þjónustu. Lögbært yfirvald heimaríkis skal í samvinnu við hlutaðeigandi yfirvöld gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að gæta hagsmuna váttrygginga og sérstaklega skal það takmarka frjálsa ráðstöfun félagsins á eignum sínum í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 20. gr. eða aðra undirgrein 3. mgr.

3. Ákvörðun um að afturkalla leyfi skal ítarlega rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi félagi.“

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögpersóna sem hyggst, beint eða óbeint, öðlast virka eignarhlutdeild í váttryggingafélagi tilkynni það fyrst lögbærum yfirvöldum í heimaríkinu og skýri þeim frá hve stóran hlut hann hyggst eignast. Hlutaðeigandi verður einnig að tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaríkinu ef hann hyggst auka það miklu við virka eignarhlutdeild sína að hans hlutur af atkvæðum eða fjármagni nemi 20%, 33% eða 50% eða meira þannig að váttryggingafélagið yrði dótturfélag hans.

Lögbær yfirvöld í heimaríkinu hafa þrjá mánuði hið mesta, frá degi þeim er tilkynning berst, eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein, til að andmæla þessari fyrirætlun ef þau telja lögpersónuna eða einstaklinginn sem um getur í 1. undirgrein ekki hæfan til að tryggja trausta og hagkvæma stjórnun viðkomandi váttryggingafélags. Ef þau andmæla

ekki fyrirætluninni sem um ræðir geta þau ákveðið hvenær henni skuli í síðasta lagi hrundið í framkvæmd.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögpersóna sem hyggst afsala sér, beint eða óbeint, virkri eignarhlutdeild í váttryggingafélagi tilkynni það áður lögbærum yfirvöldum í heimaríkinu og skýri þeim frá hve stórum hluta í félaginu hann hyggist ráða yfir. Hlutaðeigandi verður einnig að tilkynna lögbærum yfirvöldum ef hann hyggst minnka virka eignarhlutdeild sína svo að atkvæða- eða fjármagnshlutfall hans fari niður fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að váttryggingafélagið hætti að vera dótturfélag hans.

3. Þegar váttryggingafélög fá vitneskju um öflun og ráðstöfun á eignarhlutum í eigin fé þeirra sem veldur því að eignarhlutar fara yfir eða undir mörkin sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. skulu þau þegar í stað tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaríkinu.

Einnig skulu þau að minnsta kosti einu sinni á ári tilkynna þeim um nöfn hluthafa og aðila sem eiga virka eignarhlutdeild og upphæð þessa hlutafjár samkvæmt því sem gefið er upp t.d. á aðalfundum hluthafa eða félagsaðila, eða með hliðsjón af reglugerðum sem settar eru um skráningu hlutabréfa á verðbréfaþingum.

4. Aðildarríkin skulu krefjast þess að þegar áhrif þeirra aðila sem um getur í 1. mgr. eru líkleg til að ganga gegn traustri og skynsamlegri stjórnun váttryggingafélags skuli lögbær yfirvöld í heimaríkinu grípa til viðeigandi ráðstafana til að binda enda á það ástand. Slíkar ráðstafanir geta t.d. verið lögbann, refsiaðgerðir gagnvart stjórnendum og forstöðumönnum eða svipting atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum þeirra hluthafa og aðila sem um ræðir.

Sambærilegar ráðstafanir skulu gilda gagnvart einstaklingum og lögpersónum sem standa ekki við þá skuldbindingu að veita upplýsingar fyrirfram, svo sem kveðið er á um í 1. mgr. Ef eignarhlutar er aflað þrátt fyrir andstöðu lögbærra yfirvalda skulu aðildarríkin, óháð öðrum refsiaðgerðum sem gripið skal til, sjá svo um að því sé frestað að viðkomandi fái að neyta atkvæðisréttar síns eða að greidd atkvæði séu ógilt eða hægt sé að ógilda þau.

16. gr.

1. Aðildarríkin skulu mæla svo fyrir að allir þeir sem vinna fyrir eða hafa unnið fyrir lögbær yfirvöld, sem og endurskoðendur eða sérfræðingar sem koma fram fyrir hönd lögbærra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu. Þetta merkir

að þeir mega ekki skýra neinum einstaklingum eða yfirvöldum frá trúnaðarmálum sem þeir öðlast vitneskju um við skyldustörf sín nema það séu almennar upplýsingar af því tagi að ekki sé unnt að bera kennsl á einstök váttryggingafélög, þó með fyrirvara um mál sem heyra undir hegningarlög.

Þó má skýra frá trúnaðarmálum fyrir rétti ef váttryggingafélag hefur verið lýst gjaldþrota eða tekið nauðugt til slita-meðferðar snerti þau ekki þriðja aðila sem reynir að bjarga áður nefndu váttryggingafélagi.

2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að lögbær yfirvöld í hinum ýmsu aðildarríkjum skiptist á upplýsingum samkvæmt tilskipunum sem gilda um váttryggingafélög. Slíkar upplýsingar skulu háðar ákvæði um þagnarskyldu svo sem kveðið er á um í 1. mgr.

3. Aðildarríki geta gert með sér samninga um samvinnu þar sem kveðið er á um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þriðju löndum en aðeins ef upplýsingarnar eru háðar lofordum um þagnarskyldu, að minnsta kosti jafngildum þeim sem um getur í þessari grein.

4. Lögbær yfirvöld sem fá vitneskju um trúnaðarmál í samræmi við 1. eða 2. mgr. mega einungis notfæra sér hana við skyldustörf sín:

— til að fylgjast með því að skilyrði um leyfi fyrir starfsemi váttryggingafélags séu uppfyllt og til að auðvelda eftirlit með rekstri slíkrar starfsemi, einkum með tilliti til eftirlits með váttryggingaskuld, gjaldþoli, stjórnunar- og bókhaldsaðferðum og innri eftirlitskerfum, eða

— til að beita viðurlögum, eða

— þegar ákvörðun lögbærs yfirvalds er áfrýjað, eða

— við dómsmál sem eru höfðuð samkvæmt 56. gr. eða sérákvæðum í tilskipunum um váttryggingafélög.

5. Ákvæði 1. og 4. mgr. eiga ekki að útiloka upplýsingaskipti innan aðildarríkis, ef um er að ræða tvenn eða fleiri lögbær yfirvöld í sama aðildarríkinu, eða milli aðildarríkja, milli lögbærra yfirvalda og:

— yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum og yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með fjármálamörkuðum,

— aðila sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþroti váttryggingafélaga og öðrum sambærilegum málum,

— einstaklinga sem bera ábyrgð á framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar á reikningum váttryggingafélaga og annarra fjármálastofnana,

þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu, eða hindra að aðilum sem stjórna lögboðinni slitameðferð eða tryggingasjóðum séu veittar nauðsynlegar upplýsingar til að gegna starfi sínu. Upplýsingar sem þessi yfirvöld, stofnanir og aðilar fá skulu háðar skilyrðum um þagnarskyldu svo sem kveðið er á um í 1. mgr.

6. Þar að auki geta aðildarríkin, þrátt fyrir ákvæðin sem um getur í 1. og 4. mgr. og samkvæmt heimild í lögum, heimilað að öðrum deildum stjórnarskrifstofa sem bera ábyrgð á löggjöf um eftirlit með lánastofnunum, fjármálastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum og váttryggingafélögum og yfirskoðunarmönnum sem koma fram fyrir hönd þessara deilda sé skýrt frá vissum upplýsingum.

Slíkar upplýsingar má þó aðeins veita þegar þess er þörf vegna eftirlits með starfsemi.

Þó skulu aðildarríkin kveða á um að upplýsingar sem fengnar eru samkvæmt 2. og 5. mgr. eða með sannprófun á staðnum sem um getur í 14. gr. tilskipunar 73/239/EBE, megi aldrei veita í þeim tilvikum sem um getur í þessari málsgrein nema með ótvíræðu samþykki lögbærra yfirvalda sem veittu upplýsingarnar eða lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem sannprófun á staðnum fór fram.

2. KAFLI

17. gr.

Í stað 15. gr. tilskipunar 73/239/EBE komi eftirfarandi:

„15. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að öll váttryggingafélög myndi fullnægjandi váttryggingaskuld í tengslum við heildarstarfsemi sína.

Ákvarða skal fjárhæð slíkra skulda í samræmi við reglurnar í tilskipun 91/674/EBE.

2. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að öll váttryggingafélög láti samsvarandi eignir standa á bak við váttryggingaskuld að því er varðar heildarstarfsemi þeirra

í samræmi við 6. gr. tilskipunar 88/357/EBE. Að því er varðar áhættu sem er innan Evrópubandalagsins skulu þessar eignir vera staðsettar innan bandalagsins. Aðildarríkin skulu ekki gera kröfu um að váttryggingafélag staðsetji eignir sínar í einhverju tilteknu aðildarríki. Aðildarríki mega þó heimila tilslakanir frá reglum um staðsetningu eigna.

3. Heimili aðildarríki að váttryggingaskuld sé tryggð með kröfum á hendur endurtryggjendum skal það ákveða hve hátt hlutfallið megir vera. Þegar svo háttar til getur það ekki krafist þess að eignir sem samsvara slíkum kröfum séu staðsettar á tilteknum stöðum.“

18. gr.

Í stað 15. gr. a í tilskipun 73/239/EBE komi eftirfarandi:

„15. gr. a

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að sérhvert váttryggingafélag sem hefur aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þeirra og tryggir gegn áhættu í 14. grein í A-lið viðaukans (hér á eftir nefnd „greiðsluþrygging“) stofni útjöfnunarsjóð í því skyni að jafna tæknilegt tap eða tjónahlutföll yfir meðallagi í þeirri váttryggingargrein í lok reikningsársins.

2. Útjöfnunarsjóðurinn skal reiknaður út samkvæmt reglum sem hvert aðildarríki setur í samræmi við eina af fjórum aðferðum sem tilgreindar eru í D-lið viðaukans og teljast allar jafngildar.

3. Útjöfnunarsjóðurinn skal undanskilinn við útreikning á gjaldþoli, nema það sem kann að vera umfram þá fjárhæð sem reiknuð er samkvæmt aðferðum sem tilgreindar eru í D-lið viðauka.

4. Aðildarríki geta veitt váttryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þeirra undanþágu frá þeirri skyldu að mynda útjöfnunarsjóð vegna starfsemi á sviði greiðsluþrygginga þegar iðgjöld eða framlög vegna greiðsluþrygginga nema minna en 4% af heildariðgjöldum eða framlögum til þeirra og eru undir 2 500 000 evrópskum mynteiningum (ECU).“

19. gr.

Ákvæði 23. gr. tilskipunar 88/357/EBE falli hér með úr gildi.

20. gr.

Val eigna sem standa á bak við váttryggingaskuldir skal miðast við þá tegund starfsemi sem félagið rekur þannig að öryggi, ávöxtun og seljanleiki fjárfestinga þess séu tryggð

en félagið skal sjá til þess að fjárfestingar séu fjölbreytilegar og hæfilega dreifðar.

21. gr.

1. Heimarríki getur ekki leyft að váttryggingafélag láti annað en eftirfarandi eignaflokka standa á bak við váttryggingaskuld sína:

A. Fjárfestingar

- a) skuldabréf og önnur peninga- og fjármagnsmarkaðarskjöl;
- b) útlán;
- c) hlutabréf og önnur hlutdeildarbréf með breytilegri ávöxtun;
- d) hlutir í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum og öðrum fjárfestingarsjóðum;
- e) lóðir, húseignir og réttindi sem fylgja fasteignum;

B. Skuldir og kröfur

- f) inneign endurtryggjenda, þar með talinn hluti endurtryggjenda í váttryggingaskuld;
- g) geymslufé og inneign hjá endurtryggingafélögum;
- h) skuldir hjá váttryggingatökum og miðlurum vegna frumtrygginga og endurtrygginga;
- i) inneignir vegna endurkröfu;
- j) kröfur um endurgreiðslu skatta;
- k) kröfur gagnvart ábyrgðarsjóðum;

C. Annað

- l) efnislegir fastafjármunir, aðrir en lóðir og húseignir, sem metnir eru á grundvelli varfærnislegra afskrifta;
- m) sjóðir og bankainnstæður, geymslufé hjá lána stofnunum og öðrum stofnunum sem hafa leyfi til að taka á móti geymslufé;
- n) yfirfærður kostnaður við öflun váttrygginga;
- o) áfallnir vextir og leiga, aðrar áfallnar tekjur og fyrirframgreiðslur.

Ef um er að ræða samtök váttryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd's skal eignaflokkurinn einnig taka til ábyrgða og skuldabréfa sem gefin eru út af lána-

stofnunum í skilningi tilskipunar 77/780/EBE ⁽¹⁾ eða váttryggingafélögum, ásamt staðfestum fjárhæðum sem til eru komnar vegna líftryggingarskírteina enda standi þær fyrir sjóði sem tilheyra félagsaðilum.

Þótt eign eða eignaflokkur sé talinn með í skránni í fyrstu undirgrein táknað það ekki að allir þessir eignaflokkar séu sjálfkrafa viðurkenndir sem trygging fyrir váttryggingaskuld. Heimaríkið skal kveða á um nánari reglur um skilyrði fyrir notkun á viðurkenndum eignum; í þessu sambandi má það gera kröfu um fullgilda tryggingu eða ábyrgðir, einkum þegar um er að ræða inneign hjá endurtryggjendum.

Við ákvörðun og beitingu reglnanna sem heimaríkið setur skal það einkum tryggja að farið sé að eftirfarandi meginreglum:

- i) mat eigna sem standa á bak við váttryggingaskuld skal miðast við hreint verð þeirra að frádregnum skuldum vegna öflunar þeirra;
- ii) allar eignir skulu metnar á varfærnisgrundvelli, þannig að tekið sé mið af hættu á að ekki sé unnt að selja þær. Einkum er heimilt að viðurkenna efnislega fastafjármuni, aðra en lóðir og húseignir, sem tryggingu fyrir váttryggingaskuld ef þeir eru metnir á grundvelli skynsamlegra afskrifta;
- iii) útlán hvort sem þau eru til fyrirtækja, ríkisins, alþjóðastofnana, héraðs- eða sveitarstjórna eða einstaklinga er aðeins heimilt að viðurkenna sem tryggingu fyrir váttryggingaskuld ef þau eru tryggð með nægilegum ábyrgðum, hvort sem það byggist á stöðu lántakanda, veðum, bankaábyrgðum eða ábyrgðum sem váttryggingafélögin veita eða öðrum ábyrgðum;
- iv) afleidd skjöl, svo sem kauprétt, framvirka samninga, eigna- eða skuldaskipti í tengslum við eignir sem standa á bak við váttryggingaskuld er heimilt að nota svo fremi þau stuðla að því að draga úr fjárfestingaráhættu eða stuðla að hagkvæmari stjórnun váttryggingarstofns. Þau skal meta á varfærnisgrundvelli og heimilt er að telja með þær eignir sem liggja til grundvallar;
- v) aðeins er heimilt að viðurkenna sem tryggingu fyrir váttryggingaskuld framseljanleg verðbréf sem ekki er verslað með á skipulegum markaði ef unnt er að selja þau með stuttum fyrirvara;

vi) inneign hjá þriðja aðila og kröfur á hendur honum er aðeins heimilt að viðurkenna sem tryggingu fyrir váttryggingaskuld að frádregnum skuldum við sama aðila;

vii) verðgildi inneigna og krafna sem eru viðurkenndar sem trygging fyrir váttryggingaskuld skal reikna út á varfærnisgrundvelli að teknu tilliti til þeirrar áhættu að ekki sé unnt að selja þær. Einkum er aðeins heimilt að viðurkenna inneignir hjá váttryggingatökum og miðlurum vegna trygginga- og endurtryggingastarfsemi hafi ekki liðið meira en þrjú mánuðir frá því þær komu til innheimtu;

viii) ef um er að ræða eignir í formi fjárfestinga í dótturfélagi sem stjórnar öllum fjárfestingum váttryggingafélags eða hluta þeirra fyrir þess hönd skal aðildarríkið við beitingu á reglum og meginreglum sem settar eru í þessari grein taka mið af eignum dótturfélagsins sem liggja til grundvallar; heimaríkið getur meðhöndlað eignir annarra dótturfélaga á sama hátt;

ix) áfallinn kostnað við öflun váttrygginga er aðeins heimilt að viðurkenna sem tryggingu fyrir váttryggingaskuld sé hann í samræmi við útreikning á váttryggingaskuld.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. getur heimaríkið, í undantekningartilvikum og að beiðni váttryggingafélags viðurkennt, tímabundið og að vandlega ígrunduðu máli aðra eignaflokka sem tryggingu fyrir váttryggingaskuld, með fyrirvara um 20. gr.

22. gr.

1. Að því er varðar eignir sem standa á bak við váttryggingaskuld skal heimaríki gera kröfu um að hvert félag fjárfesti ekki meira en:

- a) 10% af heildarváttryggingaskuld í einni lóð eða húseign, eða nokkrum lóðum eða húseignum sem eru svo nálægt hver annarri að þær geta talist ein fjárfesting;
- b) 5% af heildarváttryggingaskuld í hlutabréfum og öðrum framseljanlegum verðbréfum sem eru meðhöndluð sem hlutabréf, skuldabréfum og öðrum peninga- eða fjármagnsmarkaðarskjölum frá sama félagi eða í lánnum sem veitt eru sama lántakanda, og sameinuð eru í eitt, í öðrum lánnum en þeim sem eru veitt ríki, héraðs- eða sveitarstjórnnum eða alþjóðastofnun sem eitt eða fleiri aðildarríki eiga aðild að. Þetta hámark má færa

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 322, 17. 12. 1977, bls. 30. Síðast breytt með tilskipun 89/646/EBE (Stjtið. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 1).

- upp í 10% ef félagið fjárfestir ekki meira en 40% af heildarváttryggingaskuld sinni í lánum eða verðbréfum útgáfuáðila og lántakenda sem það fjárfestir meira en 5% af eignum sínum hjá;
- c) 5% af heildarváttryggingaskuld í ótryggðum útlánum, þar með talið 1% vegna eins ótryggðs láns, burtséð frá lánum til lánastofnana, líftryggingafélaga — svo fremi 8. gr. í tilskipun 73/239/EBE leyfi það — og fjárfestingarfyrirtækja með staðfestu í aðildarríki;
- d) 3% af heildarváttryggingaskuld í formi lausafjár;
- e) 10% af heildarváttryggingaskuld í hlutabréfum, öðrum verðbréfum sem eru meðhöndluð sem hlutabréf og í skuldabréfum sem ekki er verslað með á skipulegum markaði.
2. Þrátt fyrir að í 1. mgr. sé ekki kveðið á um hámark vegna fjárfestingar í tilteknum flokki þýðir það ekki að eign í þeim flokki sé viðurkennd sem trygging fyrir váttryggingaskuld án neinnar takmörkunar. Heimaríkið skal setja nánari reglur um skilyrði fyrir notkun á viðurkenndum eignum. Einkum skal það tryggja við ákvörðun og beitingu þessara reglna að farið sé að eftirfarandi meginreglum:
- i) eignir sem standa á bak við váttryggingaskuld skulu vera fjölbreytilegar og dreifðar á þann hátt að öruggt sé að ekki sé óhóflega treyst á einn tiltekinn eignaflokk, fjármálamarkað eða fjárfestingu.
- ii) fjárfestingar í sérstökum tegundum eigna sem mikil áhætta fylgir, hvort sem það er vegna eðlis eignarinnar eða styrks útgefanda, skal takmarka við skynsamleg mörk;
- iii) takmarkanir á sérstökum flokkum eigna skulu miðast við hvernig endurtryggingar eru meðhöndlaðar við útreikning á váttryggingaskuld;
- iv) ef um er að ræða eignir í formi fjárfestinga í dótturfélagi sem stjórnar öllum fjárfestingum váttryggingafélags eða hluta þeirra fyrir þess hönd skal aðildarríkið, við beitingu á reglum og meginreglum sem settar eru í þessari grein taka mið af eignum dótturfélagsins sem liggja til grundvallar; heimaríkið getur meðhöndlað eignir annarra dótturfélaga á sama hátt;
- v) sá hundraðshluti eigna á bak við váttryggingaskuld sem telst til bundinna fjárfestinga skal takmarkaður við skynsamlegt mark;
- vi) ef eignirnar taka einnig til útlána til tiltekinna lánastofnana eða skuldabréfa sem gefin eru út af slíkum stofnunum getur heimaríkið, við beitingu reglna og meginreglna sem settar eru í þessari tilskipun, tekið mið af eignum sem liggja til grundvallar og slíkar lánastofnanir eiga. Eingöngu er heimilt að hafa þennan hátt á ef lánastofnunin hefur aðalskrifstofu í aðildarríki, er alfaríð í eigu þessa aðildarríkis og/eða sveitarstjórna þessa ríkis og starfsemi hennar, í samræmi við stofnsamning og -samþykktir, felst í því að miðla lánum til ríkis eða sveitarstjórna eða lánum sem ríki og sveitarstjórnir ábyrgjast eða lánum til stofnana sem eru nátengdar ríki eða sveitarstjórnunum.
3. Að því er varðar nánari reglur um skilyrði fyrir notkun á viðurkenndum eignum skal aðildarríkið leggja meiri höft á:
- lán sem eru ekki með bankaábyrgð, ábyrgð váttryggingafélagsins, veði eða annarri tryggingu en lán með slíkum ábyrgðum,
- fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) sem eru ekki samræmd í skilningi tilskipunar 85/611/EBE ⁽¹⁾ og aðra fjárfestingarsjóði en fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum í skilningi þeirrar tilskipunar,
- verðbréf sem er ekki verslað með á skipulegum markaði en þau sem verslað er með á skipulegum markaði,
- skuldabréf og önnur peninga- og fjármagnsmarkaðarskjöl sem eru ekki gefin út af ríki, héraðs- eða sveitarstjórnunum eða fyrirtækjum sem tilheyra svæði A, sam-anber skilgreiningu í tilskipun 89/647/EBE ⁽²⁾, eða sem eru gefin út af alþjóðastofnunum sem ekkert aðildarríkjanna á aðild að en sömu fjármálaskjöl sem eru gefin út af slíkum stofnunum.
4. Aðildarríkin geta hækkað mörkin sem sett eru í b-lið 1. mgr. í 40% þegar um er að ræða tiltekin skuldabréf ef þau eru gefin út af lánastofnun sem hefur aðalskrifstofu í aðildarríki og lög um sérstakt opinbert eftirlit sem ætlað er til að vernda handhafa þessara skuldabréfa gilda um. Einkum verður að fjárfesta ágóða vegna útgáfu slíkra skuldabréfa samkvæmt lögum í eignum sem geta staðið undir kröfum sem fylgja skuldabréfunum allan þann tíma sem þau eru í

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 375, 31. 12. 1985, bls. 3. Breytt með tilskipun 88/220/EBE (Stjútíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1988, bls. 31).

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 14.

gildi og ef ekki verður af útgáfunni eru lánar hafa forgang við endurgreiðslu á eigin fé og greiðslu á áföllnum vöxtum.

5. Aðildarríkin geta ekki gert kröfu um að váttrygginga-félög fjárfesti í tilteknum eignaflokkum.

6. Þrátt fyrir 1. mgr. getur heimaríkið í undantekning-artilvikum og að beiðni váttryggingafélagsins, tímabundið og að vandlega ígrunduðu máli, heimilað undanþágu frá reglunum í a- til e-lið í 1. mgr., samanber þó 20. gr.

23. gr.

Í stað 8. og 9. liðar í 1. viðauka við tilskipun 88/357/EBE komi eftirfarandi:

„8. Váttryggingafélög geta átt eignir sem eru ekki til aljóf-nunar til að mæta allt að 20% af skuldbindingum þeirra í einstökum gjaldmiðlum.

9. Aðildarríki getur mælt svo fyrir að þegar eignir sem tilgreindar eru í gjaldmiðli aðildarríkis eiga samkvæmt ofangreindum reglum að standa að baki skuldbindingu skuli þeirri kröfu einnig talið fullnægt þegar eignirnar eru tilgreindar í ECU.“

24. gr.

Í stað 1. mgr. 16. gr. í tilskipun 73/239/EBE komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skal gera kröfu um að váttryggingafélag myndi fullnægjandi gjaldþol vegna starfsemi sinnar í heild.

Gjaldþolið samsvarar hreinum eignum félags sem ekki tengjast neinum fyrirsjáanlegum skuldbindingum, að frádregnum öllum óefnislegum eignum. Nánar tiltekið skal eftirfarandi falla undir gjaldþol:

— innborgað hlutafé eða, ef um er að ræða gagnkvæmt váttryggingafélag, upphaflegt stofnfé að viðbættum reikningum félagsaðila, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) í stofnsamningi og -samþykktum skal kveðið á um að ekki sé heimilt að greiða félasaðilum af þessum reikningum hafi það í för með sér að gjaldþol fari niður fyrir tilskilið lágmark eða, ef um er að ræða félagsslit, þá skuli fyrst gera upp aðrar skuldir félagsins;
- b) í stofnsamningi og -samþykktum skal kveðið á um að, að því er varðar slíkar greiðslur af öðrum ástæðum en við útgöngu félagsaðila, skuli lögbærum yfirvöldum tilkynnt um það með að minnsta kosti eins mánaðar fyrirvara og geta þau þar til sá tími rennur út bannað greiðslu;

c) eingöngu er heimilt að breyta viðkomandi ákvæðum í stofnsamningi og -samþykktum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi engum andmælum við breytingunni, samanber þó skilyrðin sem kveðið er á um í a- og b-lið;

— helmingur óinnborgaðs hlutafjár eða stofnfjár, þó að því tilskildu að minnst 25% fjáris hafi verið innborgað,

— varasjóðir (bundnir og frjálsir) sem ekki tengjast váttryggingaskuldbindingum,

— yfirfærður hagnaður,

— kröfur um viðbótarframlög sem gagnkvæm félög, eða félög hliðstæðrar gerðar með óregluleg framlög geta gert á hendur félagsaðila sinna á reikningsárinu og sem mega nema allt að helmingi mismunarins milli hámarksframlaga og þeirra framlaga sem í raun eru innheimt og að því tilskildu að þessar kröfur geti ekki numið meira en 50% af gjaldþoli samanlagt,

— duldir varasjóðir vegna vanmats eigna ef váttryggingafélagið fer fram á að þeir verði taldir með og getur sannað tilvist þeirra, að því tilskildu að þessir duldu varasjóðir séu ekki einstakt fyrirbæri,

— heimilt er að telja með heildarfjárhæð forgangshlutafjár og víkjandi lán en ef það er gert mega þau ekki fara yfir 50% af gjaldþoli og þar af mega víkjandi lán með fastan lánstíma eða heildarfjárhæð forgangshlutafjár með fastan lánstíma ekki fara yfir 25%, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) ef um er að ræða gjaldþrot eða slit váttryggingafélags verður að vera til bindandi samkomulag um að víkjandi lánnum eða forgangshlutabréfum sé skipað aftar kröfum allra annarra skuldareigenda og verði ekki endurgreidd fyrr en allar aðrar útstandandi skuldir hafa verið greiddar.

Víkjandi lán verður einnig að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- b) aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir;
- c) upphaflegur lánstími lána með föstum lánstíma skal ekki vera skemmri en fimm ár. Eigi síðar en einu ári áður en kemur að endurgreiðslufresti skal váttryggingafélagið leggja fyrir lögbær yfirvöld áætlun um hvernig gjaldþoli skuli haldið eða það aukið þannig að það nái tilskildu marki á gjalddaga, nema um sé að ræða lán sem unnt er að telja sem hluta af gjaldþoli

og sem unnt er að lækka í áföngum eigi síðar en á síðustu fimm árunum fyrir endurgreiðslu. Lögbær yfirvöld geta veitt heimild til að flýta endurgreiðslu slíkra lána svo fremi váttryggingafélagið sæki um það og að því tilskildu að gjaldþol fari ekki niður fyrir tilskilið lágmark;

- d) lán sem eru ekki með föstum lánstíma skulu vera með fimm ára endurgreiðslu nema lánið teljist ekki lengur hluti af gjaldþoli eða að samþykki yfirvalda þurfi til það fáist greitt fyrir. Í síðara tilvikinu verður váttryggingafélagið að tilkynna lögbærum yfirvöldum að minnsta kosti sex mánuðum fyrir áætlaðan greiðsludag, þar sem það tilgreinir raunverulegt og tilskilið gjaldþol bæði fyrir og eftir endurgreiðsluna. Lögbær yfirvöld skulu eingöngu heimila endurgreiðslu fari gjaldþol váttryggingafélagsins ekki niður fyrir tilskilið lágmark;
- e) lánssamningurinn má ekki fela í sér nein þau ákvæði sem gera ráð fyrir að lán verði undir nokkrum kringumstæðum endurgreitt fyrir en á gjalddaga nema váttryggingafélagið hætti starfsemi sinni;
- f) eingöngu er heimilt að breyta lánssamningnum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi ekki andmælum við breytingunni;

— verðbréf án tiltekins lánstíma og önnur skjöl sem uppfylla eftirtalin skilyrði, þar með talin forgangshlutabréf önnur en sem um getur í undanfarandi undirlíð, allt að 50% af gjaldþoli sem öll slík verðbréf sem um getur í undanfarandi undirlíð mynda:

- a) óheimilt er að endurgreiða þau að frumkvæði handhafa eða án samþykkis lögbærs yfirvalds;
- b) útgáfusamningurinn verður að gera váttryggingafélaginu kleift að fresta greiðslu á vöxtum af láninu;
- c) skipa skal kröfum lánveitanda á hendur váttryggingafélaginu aftar öllum öðrum kröfum skuldareigenda sem ekki eru víkjandi;
- d) í skjölunum sem gilda um útgáfu verðbréfa skal kveðið á um að nota megi skuldir og ógreidda vexti til að mæta tapi á meðan váttryggingafélaginu er gert kleift að halda áfram starfsemi sinni;

e) aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir.“

25. gr.

Eigi síðar en þremur árum eftir að þessi tilskipun kemur til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir váttrygginganefndina um þörfina á frekari samræmingu gjaldþols.

26. gr.

Í stað 18. gr. í tilskipun 73/239/EBE komi eftirfarandi:

„18. gr.

1. Aðildarríkin skulu ekki setja neinar reglur um val eigna sem ekki er þörf á til að standa að baki váttryggingaskuldum sem um getur í 15. gr.

2. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 15. gr., 1., 2., 3. og 5. mgr. 20. gr. og síðustu undirgreinar 1. mgr. 22. gr., skulu aðildarríkin ekki hindra að ráðstöfun þessara eigna sé frjáls, hvort sem um er að ræða veltu- eða fastafjármuni sem eru hluti af eignum váttryggingafélags sem hefur fengið leyfi.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. koma ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti gert allar þær ráðstafanir sem þau eiga rétt á sem eigendur eða félagsaðilar eða meðeigendur viðkomandi félags, jafnframt því sem þau gæta þess að standa vörð um hagsmuni váttryggðra.“

3. KAFLI

27. gr.

Í stað f-liðar 1. mgr. 7. gr. í tilskipun 73/239/EBE komi eftirfarandi:

„f) hvað snertir áhættu þá sem um getur í d-lið 5. gr. tilskipunar 73/239/EBE geta aðilar að samningnum valið sér löggjöf.“

28. gr.

Aðildarríkið þar sem áhættan er skal ekki koma í veg fyrir að váttryggingataki geri samning við váttryggingafélag sem er með leyfi samkvæmt skilyrðum 6. gr. í tilskipun 73/239/EBE, að því tilskildu að það brjóti ekki gegn lagaákvæðum sem sett eru í þágu almennra hagsmuna í aðildarríkinu þar sem áhættan er.

29. gr.

Aðildarríkin mega ekki setja reglur þar sem krafist er fyrirfram samþykkis við almennum og sérstökum váttryggingaskilmálum, iðgjaldatöxtum eða eyðublöðum og öðrum

prentuðum skjölum sem félagið hyggst nota í skiptum sínum við váttryggingataka, né að um slíkt sé tilkynnt kerfisbundið. Þau mega aðeins krefjast þess að tilkynnt sé með ókerfisbundnum hætti um skilmála þessa og skjöl til að ganga úr skugga um að farið sé að innlendum lögum að að því er váttryggingasamninga varðar og slík krafa má ekki fela í sér skilyrði fyrir því að félagið geti stundað starfsemi sína.

Aðildarríkin mega ekki halda í gildi eða innleiða reglur um að tilkynnt skuli um fyrirhugaðar iðgjaldahækkningar eða þær samþykktar fyrirfram nema það sé liður í almennu verðlagseftirliti.

30. gr.

1. Ákvæði b-liðar 4. mgr. 8. gr. í tilskipun 88/357/EBE falli niður. Ákvæðum a-liðar 4. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar skal breytt þannig að þau verði svohljóðandi:

„a) Með fyrirvara um c-lið, gildir þriðja undirgrein 2. mgr. 7. gr. þegar tryggingasamningurinn gildir fyrir tvö eða fleiri aðildarríki og að minnsta kosti eitt þeirra krefst lögboðinnar tryggingar.“

2. Þótt ákvæði séu um annað, er aðildarríkinu sem lögbyður váttryggingu heimilt að krefjast þess að tilkynnt sé um almenna og sérstaka skilmála hinnar lögbundnu váttryggingar til lögbærra yfirvalda þess áður en þeir eru teknir í notkun.

31. gr.

1. Áður en váttryggingasamningur er gerður skal váttryggingafélagið upplýsa váttryggingataka um:

- þá löggjöf sem gildir um samninginn ef aðilar hafa ekkert val, eða ef þeir geta valið upplýsa þá um hvaða löggjöf váttryggjandi mælir með,
- ákvæði um meðhöndlun á kvörtunum váttryggingataka varðandi samninginn þar með talið, ef við á, hugsanlegan aðila sem tekur á móti kvörtunum, með fyrirvara um rétt váttryggingataka til að höfða mál.

2. Sú skuldbinding sem um getur í 1. mgr. gildir einöngu ef váttryggingataka er einstaklingur.

3. Ákveða skal reglurnar til að hrinda þessari grein í framkvæmd í samræmi við löggjöf aðildarríkisins þar sem áhættan er.

IV. BÁLKUR

ÁKVÆÐI UM STAÐFESTURÉTT OG RÉTT
TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU

32. gr.

Í stað 10. gr. í tilskipun 73/239/EBE komi eftirfarandi:

„10. gr.

1. Váttryggingafélag sem óskar eftir að stofna útibú á yferráðasvæði annars aðildarríkis skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaríkinu.

2. Aðildarríki skal gera kröfu um að váttryggingafélag sem óskar eftir að stofna útibú á yferráðasvæði annars aðildarríkis láti eftirfarandi fylgja tilkynningunni sem um getur í 1. mgr.:

- a) upplýsingar um í hvaða aðildarríki það óskar eftir að stofna útibú;
- b) rekstraráætlun þar sem meðal annars er tilgreint hvaða starfsemi það hyggst reka og uppbygging útibúsins;
- c) heimilisfang útibúsins í aðildarríkinu þar sem hægt er fá skjöl og sem senda má skjöl til, að því tilskildu að þetta sé heimilisfang umboðsmannsins sem allar tilkynningar eru sendar til;
- d) heiti viðurkennds umboðsmanns útibúsins sem verður að hafa fullnægjandi heimildir til að skuldbinda félagið gagnvart þriðja aðila og koma fram fyrir þess hönd í viðskiptum þess við yfirvöld og gagnvart dómstólum í aðildarríki útibúsins. Hvað Lloyd's-váttryggjendur varðar skulu váttryggðir, komi til málaferla í aðildarríki útibúsins vegna váttryggingaskuldbindinga, hljóta sambærilega meðferð og ef mál hefði verið höfðað gegn starfsemi af hefðbundinni gerð. Umboðsmaður verður því að hafa fullnægjandi umboð til að koma fram fyrir hönd útibúsins í kærumálum og hafa heimild til að skuldbinda hlutaðeigandi Lloyd's-váttryggjendur.

Ef félag hefur í hyggju að láta útibú sitt tryggja gegn áhættu í 10. gr. A-liðar í viðaukanum, burtséð fá ábyrgð farmflytjandans, verður það að leggja fram yfirlýsingu um að það eigi aðild að landsskrifstofunni og sérstökum ábyrgðarsjóð í aðildarríki útibúsins.

3. Nema lögbær yfirvöld í heimaríkinu, að teknu tilliti til fyrirhugaðrar áætlunar, hafi ástæðu til að efast um fullnægjandi stjórnskipulag, fjárhagsstöðu

vátryggingafélagsins, óflekkað mannorð, fagþekkingu eða reynslu stjórnenda og yfirmanna skulu þau innan þriggja mánaða frá móttöku upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. senda þær lögbærum yfirvöldum í aðildarríki útibúsins og láta hlutaðeigandi félag vita.

Lögbær yfirvöld heimaríkisins skulu einnig votta að vátryggingafélagið hafi það lágmarksgjaldþol sem er reiknað út samkvæmt 16. og 17. gr.

Neiti lögbær yfirvöld heimaríkisins að veita lögbærum yfirvöldum í aðildarríki útibúsins upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. þeim að greina hlutaðeigandi félagi frá ástæðum fyrir synjuninni innan þriggja mánaða frá því að allar upplýsingar bárust. Heimilt er að áfrýja til dómstóla í heimaríkinu ef um er að ræða synjun eða ef ekkert svar berst.

4. Áður en útibú vátryggingafélags hefur starfsemi skulu lögbær yfirvöld í aðildarríki útibúsins, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að upplýsingarnar sem um ræðir í 3. mgr. hafa borist tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaríkinu, ef við á, hvaða skilyrðum starfsemin skuli hlíta í aðildarríki útibúsins svo almennra hagsmuna sé gætt.

5. Þegar tilkynning hefur borist frá lögbærum yfirvöldum í aðildarríki útibúsins, eða hafi frestur sá sem kveðið er á um í 4. mgr. runnið út án þess að tilkynning hafi borist, má stofna útibúið og hefja starfsemi.

6. Ef breytingar verða á einstökum atriðum sem tilkynnt eru samkvæmt b-, c- eða d-lið 2. mgr. skal vátryggingafélag tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaríkisins og aðildarríkis útibúsins skriflega um viðkomandi breytingu að minnsta kosti mánuði áður en breytingin er gerð til að gera lögbærum yfirvöldum heimaríkisins fært að taka ákvörðun samkvæmt 3. mgr. og lögbærum yfirvöldum aðildarríki útibúsins að taka ákvörðun um breytinguna samkvæmt 4. mgr.“

33. gr.

Ákvæði 11. gr. tilskipunar 73/239/EBE falli hér með úr gildi.

34. gr.

Í stað 14. gr. tilskipunar 88/357/EBE komi eftirfarandi:

„14. gr.

Vátryggingafélag sem hyggst reka starfsemi í fyrsta sinn í einu eða fleiri aðildarríkjum samkvæmt rétti til að veita þjónustu skal fyrst tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaríkinu og tilgreina gegn hvers konar áhættu það hyggst vátryggja.“

35. gr.

Í stað 16. gr. tilskipunar 88/357/EBE komi eftirfarandi:

„16. gr.

1. Lögbær yfirvöld í heimaríkinu skulu innan eins mánaðar frá tilkynningunni sem kveðið er á um í 14. gr. senda aðildarríkinu eða -ríkjunum þar sem félagið hyggst reka starfsemi samkvæmt rétti til að veita þjónustu:

- a) vottorð um að félag hafi gjaldþol yfir lágmarki sem reiknað er út samkvæmt 16. og 17. gr. tilskipunar 73/239/EBE;
- b) upplýsingar um í hvaða vátryggingargreinum hefur leyfi;
- c) upplýsingar um gegn hvers konar áhættu félagið hyggst vátryggja í því aðildarríki þar sem þjónustan er veitt.

Þau skulu samtímis tilkynna þetta hlutaðeigandi félögum.

Aðildarríkin þar sem félag hefur í hyggju, samkvæmt rétti til að veita þjónustu, að tryggja gegn áhættu í 10. grein í A-lið í viðaukanum við tilskipun 73/239/EBE, burtséð frá ábyrgð farmflytjandans geta krafist að félagið:

— láti í té heiti og heimilisfang fulltrúans sem um getur í 4. mgr. 12. gr. a í þessari tilskipun,

— leggi fram yfirlýsingu um að það eigi aðild að landsskrifstofunni og sérstaka ábyrgðarsjóðnum í aðildarríkinu þar sem þjónustan er veitt.

2. Sendi lögbær yfirvöld heimaríkisins upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. ekki innan tilskilins frests þeim að greina hlutaðeigandi félagi frá ástæðum fyrir synjuninni innan sama frests. Heimilt er að áfrýja synjun til dómstóla í heimaríkinu.

3. Félaginu er heimilt að hefja starfsemi á þeim degi þegar það er látið vita um tilkynninguna sem um getur í fyrstu undirgrein í 1. mgr.“

36. gr.

útibúsins og/eða aðildarríkis þar sem þjónustan er veitt, enda sé hins sama krafist af félögum sem þar hafa aðalstöðvar.

Í stað 17. gr. tilskipunar 88/357/EBE komi eftirfarandi:

„17. gr.

Málsmeðferðin í 14. og 16. gr. gildir um allar breytingar sem félagið hyggist gera í sambandi við upplýsingarnar sem um getur í 14. gr.

37. gr.

Önnur og þriðja undirgrein 2. mgr. 12. gr., 3. mgr. 12. gr. og 13. og 15. gr. í tilskipun 88/357/EBE falli hér með úr gildi.

38. gr.

Lögbær yfirvöld aðildarríkis útibúsins eða ríkis þar sem þjónusta er veitt geta krafist þess að upplýsingarnar sem þau geta farið fram á samkvæmt þessari tilskipun varðandi starfsemi váttryggingafélags á yfirráðasvæði viðkomandi ríkis séu veittar á opinberu tungumáli eða tungumálum þess ríkis.

39. gr.

1. Ákvæði 18. gr. tilskipunar 88/357/EBE falli hér með úr gildi.

2. Aðildarríki útibúsins eða þar sem þjónustan er veitt mega ekki setja reglur þar sem krafist er fyrirfram samþykkis við almennum og sérstökum váttryggingaskilmálum, iðgjaldatöxtum eða eyðublöðum og öðrum prentuðum skjölum sem félagið hyggst nota í skiptum sínum við váttryggingataka, né að um slíkt sé tilkynnt kerfisbundið. Því er aðeins heimilt að krefjast þess að félag sem óskar eftir að reka váttryggingastarfsemi á yfirráðasvæði þess, samkvæmt staðfesturétti eða rétti til að veita þjónustu, tilkynni með ókerfisbundnum hætti um skilmála þessa og skjöl til að ganga úr skugga um að farið sé að innlendum lögum að því er váttryggingasamninga varðar og slík krafa má ekki fela í sér skilyrði fyrir því að félag geti stundað starfsemi sína.

3. Aðildarríki útibúsins eða þar sem þjónustan er veitt mega ekki halda í gildi eða innleiða reglur um að tilkynnt skuli um fyrirhugaðar iðgjaldahækkningar eða þær samþykktar fyrirfram nema það sé liður í almennu verðlagseftirliti.

40. gr.

1. 19. gr. tilskipunar 88/357/EBE falli hér með úr gildi.

2. Félag sem veitir þjónustu samkvæmt staðfesturétti eða rétti til að veita þjónustu skal leggja öll skjöl, sem krafist er vegna þessarar greinar, fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkis

3. Nú komast lögbær yfirvöld aðildarríkis að því að félag sem hefur útibú eða rekur starfsemi samkvæmt rétti til að veita þjónustu á yfirráðasvæði þess fer ekki að þeim laga-reglum sem um það gilda í því ríki, og skulu þau þá krefjast þess af félaginu að hinu ólögmeta ástandi verði aflétt.

4. Nú gerir umrætt félag ekki nauðsynlegar ráðstafanir og skulu þá lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkis tilkynna það lögbærum yfirvöldum heimaríkisins. Yfirvöld þess ríkis skulu sem fyrst gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að félagið aflétti hinu ólögmeta ástandi. Skýra skal yfirvöldum þess aðildarríkis, þar sem þjónustan er veitt, frá því hvers eðlis þær ráðstafanir eru.

5. Nú heldur félagið áfram að brjóta gegn lagareglum sem í gildi eru í viðkomandi aðildarríki þrátt fyrir áður nefndar ráðstafanir af hálfu þessa heimaríkis eða vegna þess að ráðstafanirnar eru ónógar eða hafa ekki verið gerðar og geta þá yfirvöld hins síðarnefnda, er þau hafa skýrt eftirlits-yfirvöldum heimaríkisins frá því, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir frekari brot og þar á meðal, að því marki sem það er nauðsynlegt, komið í veg fyrir að félagið geri fleiri váttryggingasamninga á yfirráðasvæði þess. Skulu aðildarríki sjá til þess að á þeirra yfirráðasvæði sé unnt að birta váttryggingafélögum nauðsynlegar tilkynningar.

6. Ákvæði 3., 4. og 5. mgr. hafa ekki áhrif á rétt viðkomandi aðildarríkis til að gera nauðsynlegar ráðstafanir í neyðartilvikum til að koma í veg fyrir lagabrot á yfirráðasvæði þess. Þetta felur einnig í sér þann möguleika að koma í veg fyrir að félagið geri fleiri váttryggingasamninga á yfirráðasvæði þess.

7. Ákvæði 3., 4. og 5. mgr. hafa ekki áhrif á rétt aðildarríkis til að refsa fyrir brot framin á yfirráðasvæði þess.

8. Hafi félag það sem hefur gerst brotlegt, starfsstöð eða eigi eignir í viðkomandi aðildarríki geta lögbær yfirvöld hins síðarnefnda beitt stjórnsýsluviðurlögum þeim sem landslög þeirra leggja við broti, með refsiaðgerðum gagnvart þeirri starfsstöð eða þeim eignum sem um ræðir.

9. Allar ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt 4. til 8. mgr. og fela í sér viðurlög eða takmörkun váttryggingastarf-

semi skulu rökstuddar og tilkynntar því félagi sem í hlut á.

10. Framkvæmdastjórnin skal á tveggja ára fresti leggja fyrir váttrygginganefndina sem skipuð er samkvæmt tilskipun 91/675/EBE skýrslu sem sýnir hve oft og í hvers konar tilvikum synjað hefur verið starfsleyfi samkvæmt 10. gr. tilskipunar 73/239/EBE eða samkvæmt 16. gr. í tilskipun 88/357/EBE eins og henni er breytt í þessari tilskipun eða gerðar ráðstafanir samkvæmt 5. mgr. Aðildarríkin skulu aðstoða framkvæmdastjórnina með því að láta henni í té þær upplýsingar sem þörf er á til skýrslugerðarinnar.

41. gr.

Ekkert í þessari tilskipun kemur í veg fyrir að váttryggingafélög sem hafa aðalskrifstofu í aðildarríkjum auglýsi þjónustu sína í öllum tiltækum miðlum í aðildarríki útibúsins eða í aðildarríkinu þar sem þjónustan er veitt, svo fremi farið sé eftir reglum um framsetningu og efni slíkra auglýsinga sem settar hafa verið í þágu almennra hagsmuna.

42. gr.

1. Ákvæði 20. gr. tilskipunar 88/357/EBE falli hér með úr gildi.

2. Nú er váttryggingafélagi slitið og skal þá gera upp skuldbindingar vegna samninga sem gerðir hafa verið fyrir milligöngu útibús eða samkvæmt rétti til að veita þjónustu, á sama hátt og þær sem eiga rætur að rekja til annarra váttryggingasamninga félagsins og burtséð frá þjóðerni váttrygðra eða bótaþega.

43. gr.

1. Ákvæði 21. gr. tilskipunar 88/357/EBE falli hér með úr gildi.

2. Nú er váttrygging boðin fram í krafti staðfesturéttar eða réttar til að veita þjónustu og skal þá váttryggingataka skýrt frá því, áður en stofnað hefur verið til nokkurra skuldbindinga, í hvaða aðildarríki aðalstöðvarnar eru, ef við á, útibúið sem samningurinn skuli gerður við.

Upplýsingarnar í undanfarandi undirgrein skulu koma fram í öllum skjölum sem gefin eru út til váttryggingataka.

Kröfur tveggja undanfarandi undirgreina gilda ekki um áhættu þá sem um getur í d-lið 5. gr. fyrstu tilskipunar 73/239/EBE.

3. Í samningi eða öðru skjali sem veitir váttryggingarvernd, svo og í váttryggingartilboði ef það er bindandi fyrir váttryggingataka, skal tilgreina heimilisfang aðalskrifstofunnar eða, ef við á, útibús váttryggingafélagsins sem verndina veitir.

Aðildarríkin geta krafist þess að heiti og heimilisfang fulltrúa váttryggingafélagsins sem um getur í 4. mgr. 12. gr. a í tilskipun 88/357/EBE komi einnig fram í skjölunum sem um getur í fyrstu undirgrein.

44. gr.

1. Ákvæði 22. gr. tilskipunar 88/357/EBE falli hér með úr gildi.

2. Váttryggingafélög skulu, sundurliðað eftir því hvort um er að ræða viðskipti sem eru stunduð samkvæmt staðfesturétti eða viðskipti sem stundið eru samkvæmt rétti til að veita þjónustu, skýra lögþæru yfirvaldi í heimaríkinu frá upphæð iðgjalda, kröfum og umboðslaunum, áður en endurtryggingariðgjöld eru frádregin, fyrir hvert aðildarríki og hverja váttryggingargrein og einnig, að því er varðar 10. grein í A-lið í viðaukanum við tilskipun 73/239/EBE, án þess að telja með ábyrgð farmflytjanda, tíðni og meðalkostnað vegna tjóna.

Hópum váttryggingargreina er skipt þannig:

- slysa- og sjúkraváttryggingar (1 og 2),
- ökutækjatrýggingar (3, 7 og 10; sýna skal tölur fyrir 10. grein, burtséð frá ábyrgð farmflytjanda, sem geta skal sérstaklega),
- brunaváttryggingar og aðrar váttryggingar gegn eignatjóni (8 og 9),
- flug-, sjó- og flutningaváttryggingar (4, 5, 6, 7, 11 og 12),
- almennar ábyrgðarváttryggingar (13),
- greiðslu- og efnдавáttryggingar (14 og 15),
- aðrir flokkar (16, 17 og 18).

Lögbært yfirvald hvers aðildarríkis skal framsenda upplýsingar þessar innan hæfilegs frests og í samanteknu formi lögbærum yfirvöldum þeirra aðildarríkja sem þess æskja.

45. gr.

1. Ákvæði 24. gr. tilskipunar 88/357/EBE falli hér með úr gildi.

2. Ekkert í þessari tilskipun hefur áhrif rétt aðildarríkis til að krefjast þess að félög, sem starfa á yfirráðasvæði þeirra samkvæmt staðfesturétti eða rétti til að veita þjónustu, gerist

aðilar að og taki þátt í sérhverri þeirri skipan sem ætlað er að tryggja bótagreiðslur váttryggingatökum og þriðju aðilum sem tjón hafa beðið með sömu kjörum og félög sem þar hafa leyfi.

46. gr.

1. Ákvæði 25. gr. tilskipunar 88/357/EBE falli hér með úr gildi.

2. Með fyrirvara um þá samræmingu sem síðar kann að fara fram má einungis leggja á váttryggingasamninga þá óbeinu skatta og skattatengd gjöld sem lögð eru á í því aðildarríki þar sem áhættan er, eins og skilgreint er í d-lið 2. gr. tilskipunar 88/357/EBE, en á Spáni er þó einnig heimilt að leggja á lögmælt viðbótargjöld í þágu hins spanska „Consortio de Compensación de Seguros“ vegna þess hlutverks sem því er ætlað við bótagreiðslur í tengslum við tjón af völdum sérstakra atvika í því aðildarríki.

Þrátt fyrir ákvæði í 1. undirlið d-liðar 2. gr. tilskipunar 88/357/EBE og þegar ákvæðum þessarar greinar er beitt telst áhætta vegna lausafjár sem staðsett er í byggingu á yfirráðasvæði aðildarríkis til áhættu í því ríki, nema um sé að ræða vöruflutninga í atvinnuskyni, jafnvel þótt byggingin og lausaféð sé ekki váttryggt á sama váttryggingarskírteini.

Löggjöf, sem við á um váttryggingasamninginn samkvæmt 7. gr., tilskipunar 88/357/EBE skal óháð hinni skattalegu tilhögun sem í gildi er.

Þar til frekari samræming fer fram skal hvert aðildarríki beita gagnvart félögum sem tryggja gegn áhættu á yfirráðasvæði þess reglum eigin löggjafar til að tryggja innheimtu óbeinna skatta og skattatengdra gjalda sem því ber samkvæmt fyrstu málsgrein.

V. BÁLKUR

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

47. gr.

Sambandslýðveldið Þýskaland getur frestað beitingu fyrsta málsliðar annarrar undirgreinar 2. mgr. 54. gr. þar til 1. janúar 1996. Þangað til gilda ákvæði eftirfarandi undirgreina við þær aðstæður sem um getur í 2. mgr. 54. gr.

Þegar lögbærum yfirvöldum í heimaríkinu hefur verðið tilkynnt um tæknilegan grundvöll fyrir útreikningi á iðgjöld-

um í samræmi við þriðja málslið annarrar undirgreinar 2. mgr. 54. gr. skulu þau þegar í stað tilkynna það lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem áhættan er svo þau geti komið fram með athugasemdir. Ef lögbær yfirvöld í heimaríkinu taka athugasemdirnar ekki til greina skulu þau skýra lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem áhættan er ítarlega frá því og tilgreina ástæður.

48. gr.

Aðildarríkin geta veitt þeim váttryggingafélögum, sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæðum þeirra og eiga, þegar tilkynnt er um þessa tilskipun, fasteignir og lóðir til að standa að baki váttryggingaskuld umfram prósentuna í a-lið 1. mgr. 22. gr., frest þar til í síðasta lagi 31. desember 1998 til að fara að því ákvæði.

49. gr.

Konungsríkið Danmörk getur frestað beitingu þessarar tilskipunar þar til 1. janúar 1999 gagnvart lögbundnum atvinnuslysátryggingum. Þangað til gildir undanþágan sem kveðið er á um í 2. mgr. 12. gr. í tilskipun 88/357/EBE vegna atvinnuslysa í Konungsríkinu Danmörku.

50. gr.

Spánn getur, þar til 31. desember 1996, og Grikkland og Portúgal, þar til 31. desember 1998, fært sér í nyt eftirfarandi bráðabirgðaráðstafanir vegna samninga sem tryggja gegn áhættu sem er eingöngu í einu þessara aðildarríkja, annarri en þeirri sem tilgreind er í d-lið 5. gr. tilskipunar 73/239/EBE:

- a) þrátt fyrir 3. mgr. 8. gr. í tilskipun 73/239/EBE og 29. og 39. gr. í þessari tilskipun geta lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríkjum krafist þess að þeim sé tilkynnt um almenna og sérstaka váttryggingaskilmála áður en þeir eru teknir í notkun;
- b) fjárhæð váttryggingaskuldar vegna þeirra samninga sem um getur í þessari grein skal ákveðin undir eftirliti viðkomandi aðildarríkis samkvæmt reglum þess eða samkvæmt þeirri málsmeðferð sem komið hefur verið á á yfirráðasvæði þess í samræmi við þessa tilskipun ef slíkar reglur eru ekki fyrir hendi. Það aðildarríki hefur einnig eftirlit með því, á þann hátt sem reglur þess eða venjur segja til um sem samþykktar hafa verið í samræmi við þessa tilskipun, að jafnverðmætar og samsvarandi eignir standi að baki váttryggingaskuld og hvar þær eignir eru.

VI. BÁLKUR

LOKAÁKVÆÐI

51. gr.

Samþykjka skal eftirfarandi tæknilegar breytingar á tilskipun 73/239/EBE, 88/357/EBE og þessari tilskipun í samræmi við málsmeðferðina í tilskipun 91/675/EBE:

- rýmkun rekstrarforms að lögum sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 8. gr. í tilskipun 73/239/EBE,
- breytingar á skránni í viðaukanum við tilskipun 73/239/EBE eða breytingar á fagheitum sem eru notuð í þeirri skrá til að taka mið af þróuninni á váttryggingamörkuðum,
- nánari útlistun á liðum sem mynda gjaldþol og er að finna í 1. mgr. 16. gr. í tilskipun 73/239/EBE svo að tekið sé mið af myndun nýrra fjármálaskjala,
- breytingu á lágmarksábyrgðarsjóði sem kveðið er á um í 2. mgr. 17. gr. í tilskipun 73/239/EBE svo að tekið sé mið af efnahgs- og fjármálaþróun,
- breytingar svo tekið sé mið af myndun nýrra fjármálaskjala, skránni yfir eignir sem viðurkenndar eru sem trygging fyrir váttryggingaskuld samkvæmt 21. gr. þessarar tilskipunar og reglum um áhættudreifingu sem kveðið er á um í 22. gr.,
- breytingar á tilslökun aljöfnunarreglna sem eru settar í 1. viðauka við tilskipun 88/357/EBE svo tekið sé mið af þróun nýrra skjala um að tryggja gegn áhættu vegna gengisbreytingar eða framförum í átt til efnahagslegrar og peningalegrar einingar,
- útlistun á skilgreiningum til að tryggja að tilskipun 73/239/EBE, 88/357/EBE og þessari tilskipun sé beitt á sama hátt alls staðar í bandalaginu.

52. gr.

1. Útibú sem hafa hafið starfsemi í samræmi við gildandi ákvæði í aðildarríkinu þar sem þau hafa staðfestu áður en ákvæði sem sett eru vegna framkvæmdar þessarar tilskipunar öðlast gildi teljast falla undir málsmeðferðina í 1. til 5. mgr. 10. gr. í tilskipun 73/239/EBE. Eftir gildistöku gildir 15., 19., 20. og 22. gr. tilskipunar 73/239/EBE og 40. gr. þessarar tilskipunar um þau.
2. Ákvæði 34. og 35. gr. hafa ekki áhrif á áunnin réttindi váttryggingafélaga sem reka starfsemi samkvæmt rétti

til að veita þjónustu þegar ákvæði sem sett eru vegna framkvæmdar þessarar tilskipunar öðlast gildi.

53. gr.

Við tilskipun 73/239/EBE bætist eftirfarandi:

„28. gr. a

1. Með þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum skal hvert aðildarríki veita umboðum og útibúum sem stofnsett eru á yfirráðasvæði þess og þessi bálkur tekur til leyfi til að yfirfæra váttryggingarstofn þeirra að einhverju eða öllu leyti til viðtökuskrifstofu sem stofnsett er í sama aðildarríki, enda staðfesti lögbær yfirvöld þess aðildarríkis eða, ef við á, aðildarríkið sem um getur í 26. gr. að gjaldþol viðtökuskrifstofunnar sé fullnægjandi er tekið hefur verið tillit til yfirfærslunnar.
2. Með þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum skal hvert aðildarríki veita umboðum og útibúum sem stofnsett eru á yfirráðasvæði þess og þessi bálkur tekur til leyfi til að yfirfæra váttryggingarstofn að einhverju eða öllu leyti til váttryggingafélags sem hefur aðalskrifstofu í öðru aðildarríki, enda staðfesti lögbær yfirvöld þess ríkis að gjaldþol viðtökuskrifstofunnar sé fullnægjandi er tekið hefur verið tillit til yfirfærslunnar.
3. Ef aðildarríki leyfir, með þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum, umboðum og útibúum sem stofnsett eru á yfirráðasvæði þess og þessi bálkur tekur til að yfirfæra váttryggingarstofn að einhverju eða öllu leyti til umboðs eða útibús sem þessi bálkur tekur til og stofnsett er á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal það tryggja að lögbær yfirvöld aðildarríkis viðtökuskrifstofunnar eða, ef við á, aðildarríkisins sem um getur í 26. gr. staðfesti að gjaldþol viðtökuskrifstofunnar sé fullnægjandi er tekið hefur verið tillit til yfirfærslunnar, að lög aðildarríkis viðtökuskrifstofunnar heimili slíka yfirfærslu og að það ríki samþykki hana.
4. Í þeim tilvikum sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. skal aðildarríkið þar sem umboðið eða útibúið sem yfirfærir váttryggingarstofn sinn er heimila yfirfærsluna, að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis þar sem áhættan er, svo fremi það sé ekki aðildarríkið þar sem umboðið eða útibúið sem yfirfærir váttryggingarstofn sinn er.
5. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum sem samráð er haft við skulu láta lögbær yfirvöld í heimaríkinu þar sem félagið sem yfirfærir váttryggingarstofn sinn er vita um álit sitt eða samþykki innan þriggja mánaða frá því þeim barst beiðnin. Ef þau yfirvöld sem samráð er haft við láta ekki frá sér heyra innan veitts frests telst það jafngilda jákvæðu svari eða þegiandi samþykki.

6. Yfirfærsla sem heimiluð er samkvæmt grein þessari skal kunngerð í aðildarríkinu þar sem áhættan er, á þann hátt sem mælt er fyrir um í landslögum þess. Hún öðlast sjálfkrafa gildi gagnvart váttryggingatökum, hinum váttryggðu og öllum þeim öðrum sem eiga rétt eða bera skyldu vegna þeirra váttryggingasamninga sem yfirfærðir hafa verið.

Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að gefa váttryggingatökum kost á að segja upp váttryggingasamningi innan ákveðins frests frá því er yfirfærsla fer fram.“

54. gr.

1. Þótt ákvæði séu um annað getur aðildarríki þar sem samningar sem tryggja gegn áhættu í 2. grein A-liðar í viðauka við tilskipun 73/239/EBE geta að einhverju eða öllu leyti komið í stað í stað sjúkratrygginga sem almannatryggingakerfin bjóða krafist þess að þessir samningar hlíti sérstökum lagaákvæðum sem sett eru í því aðildarríki í þágu almennra hagsmuna í þeirri váttryggingargrein og að hinum almennu og sérstöku skilmálum þessarar váttryggingar sé komið á framfæri við lögbær yfirvöld í því aðildarríki áður en þeir eru teknir í notkun.

2. Aðildarríkin geta krafist þess að sjúkratryggingakerfið sem um getur í 1. mgr. sé starfrækt á sambærilegan hátt og lífttryggingar þegar:

- greidd iðgjöld eru reiknuð á grundvelli sjúkrataflna og annarra tölfræðilegra upplýsinga er varða aðildarríkið þar sem áhættan er í samræmi við stærðfræðilegar aðferðir sem eru notaðar í váttryggingum,
- komið er upp sjóði vegna hækkandi aldurs,
- váttryggjandi getur aðeins sagt upp samningnum innan ákveðins frests sem aðildarríkið þar sem áhættan er ákveður,
- samningurinn gerir ráð fyrir að hækka megi iðgjöld eða lækka bætur, jafnvel þegar um er að ræða gildandi samninga.
- samningurinn kveður á um að váttryggingataki geti breytt gildandi samningi í nýjan samning samkvæmt 1. mgr. sem sama váttryggingafélag, eða útibú býður og að teknu tilliti til áunninna réttinda hans. Einkum verður að taka tillit til sjóðs vegna hækkandi aldurs og eingöngu er heimilt að gera kröfu um nýja lækni- og skóðun þegar um er að ræða aukna tryggingu.

Þegar svo háttar til skulu lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríki birta sjúkratöflur og aðrar tölfræðilegar upplýsingar sem máli skipta sem um getur í fyrstu undirgrein

og senda þær lögbærum yfirvöldum í heimaríkinu. Iðgjöld skulu fullnægjandi, samkvæmt skýsamlegum tryggingafræðilegum forsendum, svo að félög geti staðið við allar skuldbindingar sínar að teknu tilliti til allra þátta í fjárhagsstöðu þeirra. Heimaríkið skal krefjast þess að lögbærum yfirvöldum þess sé tilkynnt um tæknilegan grundvöll vegna útreiknings á iðgjöldum áður en tryggingin er sett á markað. Þessari málsgrein skal einnig beitt þegar gildandi samningur er breytt.

55. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að öll váttryggingafélög sem á eigin ábyrgð bjóða lögbundnar atvinnuslysatryggingar á yfirráðasvæðum sínum hlíti sérákvæðum í landslögum um slíkar tryggingar nema þegar um er að ræða ákvæði varðandi fjárhagslegt eftirlit sem er eingöngu á ábyrgð heimaríkisins.

56. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að vísa ákvörðunum sem teknar eru varðandi váttryggingafélög samkvæmt lögum og stjórnisýslufyrirmælum sem samþykkt eru í samræmi við þessa tilskipun til dómstóla.

57. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1993 og hrinda þeim í framkvæmd eigi síðar en 1. júlí 1994. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglum um slíka tilvísun.

2. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða landslaga sem þau samþykkja á því sviði sem þessi tilskipun nær til.

58. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 18. júní 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

Vitor MARTINS

forseti.